

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



Formennska Íslands í Evrópuráðinu og leiðtogafundur ráðsins

NÓVEMBER 2022 – MAÍ 2023

EFNISYFIRLIT



FORMENNSKA ÍSLANDS
í Evrópuráðinu

Efnisyfirlit	3
ÚTDRÁTTUR	5
Ísland í forystuhlutverki	5
Áherslur Íslands	5
Í krafti smæðarinnar – Ísland getur haft áhrif	7
ÁVARP RÁÐHERRA	8
INNGANGUR	10
1 . KAFLI: UM EVRÓPURÁÐIÐ	13
2 . KAFLI: UNDIRBÚNINGUR FORMENNSKUNNAR	16
3 . KAFLI: FORMENNSKUTÍMABIL ÍSLANDS Í EVRÓPURÁÐINU	19
Stuðningur og samstaða með Úkraínu	23
Jafnréttismál sett á oddinn	26
Baráttan fyrir hinsegín réttindum	26
Aðkoma Íslands að öðrum utanríkispólítískum málefnum	27
Menningardagskrá	34



4 . KAFLI: VIRK UPPLÝSINGAMIÐLUN OG MIKILVÆGI SAMRÁÐS	36
5 . KAFLI: LEIÐTOGAFUNDUR EVRÓPURÁÐSINS	41
Verður leiðtogafundur haldinn á Íslandi?	42
Markmið sett í upphafi um efnislega niðurstöðu fundarins	44
Undirbúningi leiðtogafundar í Reykjavík hrundið af stað	44
Leiðtogafundur sem Ísland getur verið stolt af	47
Hönnun og útlit	59
Viðburðir utan formlegrar dagskrár	59
Gjöf Íslands til Evrópuráðsins vegna leiðtogafundarins	62
Reykjavíkuryfirlýsingin samþykkt	62
Tjónaskrá fyrir Úkraínu	66
10. KAFLI: NÁÐUST MARKMIÐ FORMENNSKUNNAR OG LEIÐTOGAFUNDARINS?	70
11. KAFLI: LOKAORÐ	73
12. KAFLI: FYLGISKJÖL	75
Fylgiskjal 1 • Formennskudagskrá Íslands í Evrópuráðinu (ÍS)	77
Fylgiskjal 2 • Formennskudagskrá Íslands í Evrópuráðinu (EN)	91
Fylgiskjal 3 • Yfirlitsskjal um aðgerðir til að framfylgja formennskuáherslum Íslands í Evrópuráðinu	105
Fylgiskjal 4 • Menningardagskrá formennsku Íslands	119
Fylgiskjal 5 • Dagskrá leiðtogafundar Evrópuráðsins	123
Fylgiskjal 6 • Dagskrá formlegrar opunar leiðtogafundar Evrópuráðsins ..	129
Fylgiskjal 7 • Menningardagskrá leiðtogafundarins	131
Fylgiskjal 8 • Reykjavíkuryfirlýsingin	135
Fylgiskjal 9 • Samantekt um formennsku Íslands í Evrópuráðinu (EN)	159



Útdráttur

ÍSLAND Í FORYSTUHLUTVERKI

Formennska Íslands í Evrópuráðinu og framkvæmd leiðtogafundarins var eitt umfangsmesta og metnaðarfullsta verkefni sem Ísland hefur tekið að sér á alþjóðavettvangi.

Ísland tók við formennsku af Írlandi í nóvember 2022 og afhenti formennskukeflið Lettlandi á leiðtogafundinum í Reykjavík í maí 2023. Tilviljun ein réði því að Ísland gegndi formennsku á svo krefjandi tímum í Evrópu vegna innrásar Rússlands í Úkraínu, sem hafði óhjákvæmilega áhrif á formennskutímabil Íslands.

Formennska í ráðherranefnd Evrópuráðsins gengur á milli aðildarríkja þess og gegnir hvert ríki formennsku í sex mánuði í senn. Fastafulltrúar formennskuríkja sitja yfir þriggja ára tímabil í yfirstjórn Evrópuráðsins og stýra mannréttindafundalotum ráðherranefndarinnar í hálf tveggja ára ádraganda formennsku.

ÁHERSLUR ÍSLANDS

Lykilmarkmið íslenskra stjórnvalda í formennskunni í Evrópuráðinu var að auka samstöðu aðildarríkja ráðsins og stuðning þeirra við grundvallargildi stofnunarinnar, mannréttindi,



lýðræði og réttarríkið. Stefnu ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, málefnum barna og ungmenna og umhverfismálum og mannréttindum var sömuleiðis gert hátt undir höfði.

Rík áhersla var lögð á stuðning og samstöðu Evrópu með Úkraínu og var lagt upp með að niðurstöður leiðtogafundarins í Reykjavík myndu hafa raunverulega þýðingu fyrir Úkraínu. Utanríkisráðherra og forsætisráðherra fóru í vinnuferð til Úkraínu til að eiga samtal við Volodymyr Zelenskyy, forseta Úkraínu, og aðra fulltrúa þarlanda stjórnvalda um markmið formennskunnar.

„Áherslur íslensku ríkisstjórnarinnar á jafnrétti kynjanna, málefni barna, umhverfismál, lýðræði og mannréttindi endurspeglast í formennskuáætlun Íslands. En stærsta verkefnið verður að slá skjaldborg um grunngildi Evrópuráðsins, lýðræði og mannréttindi, sem standa frammi fyrir miklum áskorunum í samtímanum, ekki síst vegna stríðsrekstrar í álfunni. Þar mun Ísland axla ábyrgð og taka forystuhlutverk sitt alvarlega á krefjandi tímum.“

ÚR SAMEIGINLEGRI GREIN UTANRÍKISRÁÐHERRA OG
FORSÆTISRÁÐHERRA Í FRÉTTABLAÐINU, 8. NÓVEMBER 2022

Fjöldi viðburða og funda ráðherra og forseta Íslands sem tengdust formennskunni voru haldnir í Strassborg, á Íslandi og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) í Vín. Þá stýrði Ísland öllum fundum ráðherranefndarinnar, mannréttindafundalotum og undirbúningsnefndar leiðtogafundarins í eitt ár.

Yfirgripsmikil menningardagskrá var skipulögð í kringum formenskuna líkt og almennt fylgir formensku í Evrópuráðinu.

Utanríkisráðherra
tekur við formensku
Íslands í Evrópuráðinu
af Írlandi.





Í KRAFTI SMÆÐARINNAR – ÍSLAND GETUR HAFT ÁHRIF

*Leiðtogar Evrópuríkja
roma saman í Reykjavík*

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir vinnu íslenskra stjórnvalda að settum markmiðum í formennsku Íslands í Evrópuráðinu og framkvæmd og niðurstöðum leiðtogafundar ráðsins sem haldinn var á Íslandi í maí 2023. Þrátt fyrir að verkefnið hafi verið eitt það flóknasta og yfirgripsmesta í sögu utanríkisþjónustunnar er niðurstaðan sú að með miklum undirbúningi og góðri samvinnu, innan utanríkisþjónustunnar og við aðra samstarfsaðila, hafi íslensk stjórnvöld náð að sinna þessu verkefni með sóma.

Þegar litið er til baka sýnir reynslan af formennskunni og leiðtogafundinum að oftar en ekki getur smæðin verið styrkleiki Íslands í alþjóðasamstarfi þar sem hún gerir okkur kleift að vinna hratt og vel saman og bregðast við áskorunum sem við fyrstu sýn geta þótt óyfirstíganlegar.



ÁVARP RÁÐHERRA

Sameinuð um mikilvægi mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins

Ísland tók við formennsku í Evrópuráðinu á miklum umbrotatímum í sögu álfunnar. Grimmileg innrás Rússlands á Úkraínu hafði staðið yfir í um rúmt hálf, og stendur enn, og er ekki aðeins stærsta ógn við frið í Evrópu frá lokum síðari heimsstyrjaldar heldur árás á alþjóðakerfið sem Ísland byggir sjálfstæði sitt á.

Tilviljun réði því að formennsku Íslands bar upp á jafn örlagaríkum tímum en sem þjóð meðal þjóða og fullgildur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi axlaði Ísland þá ábyrgð af festu og auðmýkt í senn. Þegar á reynir á Ísland að leggja sitt að mörkum til að hafa jákvæð áhrif á gang alþjóðamála og styrkja alþjóðakerfið sem við höfum ávallt notið svo góðs af.

Formennska Íslands í Evrópuráðinu og leiðtogafundurinn í Reykjavík veittu okkur einstakt tækifæri til að efla samstöðu um alþjóðakerfið sem sett var á fót í kjölfar síðari heimsstyrjaldar. Þrátt fyrir að kerfið sé ekki gallalaust eru það grundvallarhagsmunir Íslands að standa um það vörð enda tilgangur þess að stuðla að friðsamlegum lausnum, félagslegum og efnahagslegum framförum og varðveita mannréttindi allra. Evrópuráðið er elsta milliríkjastofnun í Evrópu, og hefur allt frá stofnun þess árið 1949, rutt brautina á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins.



Í undirbúningi fyrir leiðtogafundinn lagði Ísland áherslu á að fundurinn myndi skila haldbærum niðurstöðum fyrir Evrópu og Úkraínu. Markmiðið var að efla Evrópuráðið og gera það betur í stakk búið til að mæta áskorunum samtímans og framtíðar og efla samstöðu aðildarríkjanna um vægi mannréttinda og lýðræðis. Þetta endurspeglast í niðurstöðum leiðtogafundarins sem nú um stundir er verið að fylgja eftir og innleiða.

Ein af meginniðurstöðum fundarins var stofnsetning tjónaskrár vegna þeirra hörmulegu afleiðinga sem hernaður Rússa hefur haft í Úkraínu. Tjónaskráin er að fullu starfhæf og hefur nú þegar tekið við nokkur þúsund kröfum af hálfu þeirra sem orðið hafa fyrir tjóni vegna stríðsaðgerða Rússlands og mun nýtast til að hægt sé að draga Rússa til ábyrgðar fyrir tjónið sem þeir hafa valdið með stríðinu.

Slíku grettistaki verður ekki lyft á jafn stuttum tíma án eindregins pólitísku vilja. Íslensk stjórnvöld beittu sér af fullum þunga fyrir því að tjónaskráin yrði stofnsett á leiðtogafundinum. Það var áþreifanlegt framlag leiðtoga aðildarríkjanna í þágu Úkraínu og mikilvægur hluti af því markmiði að efla stoðir Evrópuráðsins og festa grunngildi þess í sessi.

Við lifum á örlagatímum þar sem reynir á stoðir alþjóðakerfisins. Sem þjóð meðal þjóða sem á allt undir að alþjóðalög séu virt, á Ísland að leggja sitt að mörkum til að hafa jákvæð áhrif á gang alþjóðamála eins og frekast er unnt. Í því felast bæði stórkostleg réttindi og alvarlegar skyldur. Ein af þessum skyldum er að vera ekki alltaf þiggjandi í alþjóðlegu samstarfi heldur leggja sitt af mörkum til að styrkja stoðir alþjóðakerfisins.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra Íslands



Inngangur

Ísland tók við formennsku í Evrópuráðinu á vísjærverðum tímum í Evrópu, aðeins um níu mánuðum eftir allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu og brottvísun Rússlands úr Evrópuráðinu.

Formennskan hófst í nóvember 2022 og lauk með leiðtogafundi í Reykjavík í maí 2023. Þetta var í þriðja sinn sem Ísland fór með formennsku í Evrópuráðinu frá inngöngu árið 1950, en áður leiddi Ísland ráðherranefndina árin 1955 og 1999.

Í aðdraganda formennskunnar, í maí 2021, tók Ísland sæti í yfirstjórn Evrópuráðsins og ári síðar tók Ísland við stjórn reglubundinna funda ráðherranefndarinnar um mannréttindamál. Þá átti Ísland sæti í yfirstjórn Evrópuráðsins þar til í maí 2024 sem stýrir meðal annars innleiðingu Reykjavíkuryfirlýsingarinnar sem samþykkt var á leiðtogafundinum í Reykjavík.

Þáverandi forsætisráðherra tók þátt í fjölda viðburðum í tengslum við formennsku Íslands.





Formennskutið Íslands var viðburðarík. Fjölbreytt og yfirgripsmikil menningardagskrá var einnig hluti af formennsku Íslands þar sem áhersla var meðal annars lögð á að kynna íslenska tónlist, bókmenntir, kvikmyndir, barnamenningu, hönnun og matargerðarlist.

Virk þátttaka íslensks ráðafólks á vettvangi í Strassborg gaf áherslum Íslands enn meira vægi og átti stóran þátt í að efla samstöðu ríkja um efnisríka niðurstöðu leiðtogafundar. Forseti Íslands, forsætisráðherra, utanríkisráðherra, barna- og menntamálaráðherra, innviðaráðherra og viðskipta- og menningarmálaráðherra tóku öll þátt í formenskudagskrá Íslands í Strassborg.

Jafnframt kynnti utanríkisráðherra áherslur íslensku formenskunnar á fundi með utanríkisráðherrum Evrópusambandsins í Lúxemborg, auk þess sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands fóru í vinnuferð til Úkraínu þar sem formenska Íslands og stuðningur við Úkraínu voru efst á baugi. Formenskunni fylgdi ábyrgð sem íslensk stjórnvöld gátu staðið undir og má færa fyrir því rök að möguleikar Íslands til að beita sér á alþjóðavettvangi hafi aukist á þessu tímabili.

Formenska í Evrópuráðinu gengur á milli aðildarríkja og gegnir hvert ríki formennsku í sex mánuði í senn. Að jafnaði er það aðildarríki sem gegnir formenskunni frá nóvember til maí ár hvert ábyrgt fyrir því að halda árlegan utanríkisráðherrafund Evrópuráðsins. Upphaflega var því áætlað að slíkur fundur yrði haldinn við lok formennskutiðar Íslands.

Á fundi utanríkisráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins í Tórinó á Ítalíu í maí 2022 var sú hugmynd reifuð hvort að í stað þess að utanríkisráðherrafundur yrði haldinn við lok formennsku Íslands myndu leiðtogar Evrópuráðsríkja koma saman í fyrsta sinn í tutugu ár.



Utanríkisráðherra flytur lokaávarp á leiðtogafundinum í Reykjavík.



Leiðtogar Evrópuráðsins höfðu þrisvar áður komið formlega saman og voru þeir leiðtogafundur haldnir í tengslum við stórar alþjóðlegar vendingar. Sá fyrsti var haldinn í Vín árið 1993, skömmu eftir upplausn Sovétríkjanna. Annar leiðtogafundurinn var haldinn í Strassborg árið 1997, meðal annars vegna umbrota á Balkanskaga og sá þriðji í Varsjá árið 2005 eftir að stór hópur ríkja Austur-Evrópu hafði gengið í Evrópusambandið.

LEIÐTOGAFUNDUR

Löng hefð er fyrir því að leiðtogar komi saman til að ræða aðkallandi málefni og áskoranir. Aðildarríki fjölþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana taka jafnan að sér gestgjafahlutverk sem felur í sér umfangsmikla skipulagningu og utanumhald en veitir jafnframt ákveðið dagskrárvald. Skýrar og ófrávíkjanlegar kröfur eru gerðar um að fyllsta öryggis sé gætt og prótókollreglum sé fylgt til hins ítrasta.

Síðustu ár hafði ákall um leiðtogafund orðið sífellt háværara innan stofnana Evrópuráðsins og var bent á nauðsyn þess að styrkja samstöðu aðildarríkja um grundvallargildi ráðsins, mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Í kjölfar allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu óx hugmyndinni ásmegin og töldu margir tímabært að leiðtogar aðildarríkjanna kæmu saman í ljósi stöðunnar í álfunni. Þá hafði Evrópuráðið gefið skýr skilaboð með því að víkja Rússlandi úr Evrópuráðinu strax í kjölfar þess að allsherjarinnrás Rússlands hófst í Úkraínu.

Í byrjun nóvember 2022 varð niðurstaðan sú, eftir mikla vinnu og umfjöllun á vettvangi stofnana Evrópuráðsins og fundalotu í vinnuhópi sem fastafulltrúi Íslands leiddi, að í hlut Íslands kom að halda fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins í tæplega 75 ára sögu þess.

Markmið þessarar skýrslu er að gefa greinargóða mynd af formennsku Íslands í Evrópuráðinu, undirbúningi, lykiláföngum og árangri. Sérstaklega er horft til þess að gera grein fyrir því gríðarstóra verkefni sem skipulagning fjórða leiðtogafundar Evrópuráðsins á Íslandi var.

Óhætt er að fullyrða að leiðtogafundurinn sjálfur sé umfangsmesti og flóknasti einstaki alþjóðlegi viðburður af þessu tagi sem haldinn hefur verið á Íslandi og formennskan eitt umfangsmesta verkefni í sögu utanríkisþjónustunnar. Þrátt fyrir það er niðurstaðan sú að með miklum og löngum undirbúningi, sveigjanleika til að bregðast við breyttri stöðu innan Evrópu, auk góðrar samvinnu innan utanríkisþjónustunnar og við aðra samstarfsaðila, hafi tekist að leysa þetta umfangsmikla verkefni svo sómi var af fyrir Íslendinga.

Þegar litið er til baka sýnir reynslan af formenskunni og leiðtogafundinum að í krafti smæðarinnar getur Ísland lagt meira af mörkum í alþjóðasamstarfi en gera mætti ráð fyrir. Stundum getur smæð Íslands verið okkar kraftur, hún gerir okkur kleift að vinna hratt og vel saman og bregðast við áskorunum sem við fyrstu sýn geta þótt óyfirstíganlegar.



Um Evrópuráðið

Evrópuráðið er helsta stofnun Evrópu á sviði mannréttinda og lýðræðis og hefur haft frumkvæði að gerð fjölda samninga á þessu sviði. Ráðið var sett á fót í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar með það að markmiði að stuðla að stöðugleika, auka samvinnu innan álfunnar og koma í veg fyrir annað stríð.

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu árið 1950 en í dag eru aðildarríki þess 46 með um 700 milljónir íbúa. Öll ríki Evrópu eru aðilar að stofnuninni, að frátöldum Belarús, Rússlandi



Evrópuráðið
í Strassborg.



Utanríkisráðherra
ávarpar Evrópuráðs-
þingið.

og Kósovó. Að auki hafa fimm ríki áheyrnaraðild að Evrópuráðinu; Bandaríkin, Japan, Kanada, Mexíkó og Páfastóll.


Evrópuráðið starfar á grundvelli um tvö hundruð alþjóðasamninga á ýmsum sviðum sem hafa jafnframt haft áhrif í öðrum heimshlutum. Ráðið vinnur meðal annars að mannréttindamálum, lýðræðismálum, réttarfarsmálum, jafnrétti, tjáningarfrelsi, umhverfismálum, sveitarstjórnarmálum og mennta- og menningarmálum. Mannréttindadómstóll Evrópu, sem er ein af lykilstofnunum á sviði mannréttinda í heiminum, framfylgir mannréttindasáttmála Evrópu og ráðherranefndin hefur umsjón með fullnustu dómanna.

Í dag eru um hundrað ríki utan Evrópu aðilar að ýmsum samningum Evrópuráðsins og taka þátt í samstarfi við stofnunina. Þá á stofnunin í samstarfi við aðrar alþjóðastofnanir, einkum Sameinuðu þjóðirnar, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Evrópusambandið.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins fer með æðsta ákvörðunarvald innan stofnunarinnar. Formlega samanstendur hún af utanríkisráðherrum aðildarríkjanna en utan ráðherra-funda sitja fastafulltrúar aðildarríkjanna fundi ráðherranefndarinnar.

Vinnuhópar um ýmis málefni starfa í umboði ráðherranefndarinnar. Innan þeirra taka um fimmtíu íslenskir sérfræðingar frá öllu stjórnkerfinu þátt í mikilvægri vinnu á öllum megin sviðum Evrópuráðsins.

Evrópuráðsþingið er ein af lykilstofnunum Evrópuráðsins og gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi stofnunarinnar. Málefna svið Evrópuráðsþingsins er víðfeðmt og nær meðal annars til stjórn mála, efnahagsmála, mannréttindamála, umhverfismála og menningar- og menntamála. Þá á þingið frumkvæði að aðgerðum sem það beinir til ráðherranefndarinnar og lagði til að mynda mikið af mörkum við umræðu um mögulegan leiðtoga fund Evrópuráðsins áður en formleg ákvörðun þess efnis var tekin.



FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu

Aðildarríki
Evrópuráðsins

Á þinginu eiga 306 fulltrúar sæti og jafnmargir varamenn til viðbótar. Ólíkt ráðherra- nefnd Evrópuráðsins, þar sem hvert ríki hefur eitt atkvæði, fer fjöldi fulltrúa á þinginu eftir stærð þjóðar. Þrír íslenskir þingmenn sitja á hverjum tíma á Evrópuráðsþinginu og á meðan á formennsku Íslands stóð sóttu þrír varamenn þeirra einnig þingfundalotur þingsins.

Héraðs- og sveitarstjórnarþingið er haldið að jafnaði tvisvar á ári en þá fundi sækja þrír íslenskir sveitarstjórnarfulltrúar sem tilnefndir eru af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Héraðs- og sveitarstjórnarþingið stóð einnig ásamt Evrópuráðsþinginu að viðburðum í Reykjavík í aðdraganda leiðtogafundarins.



Undirbúningur formennskunnar

Fyrstu skref í formlegum undirbúningi fyrir formennsku Íslands í Evrópuráðinu voru stigin með því að endurvekja starfsemi fastanefndar Íslands í Strassborg sumarið 2020.

Fastafulltrúi Íslands hóf þá þegar störf á vettvangi í Strassborg og staðgengill fastafulltrúa rúmu hálfu ári síðar. Í kjölfarið bættist við staðarráðinn starfsmaður, staðarráðinn sérfræðingur og starfsnemi, sem einkum annaðist menningardagskrá formennskunnar. Tilkomu fastanefndarinnar var fagnað, ekki síst meðal fulltrúa Norðurlandanna í Strassborg, þar sem Ísland hafði frá árinu 2009 verið eina ríkið af öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins sem ekki starfrækti þar fastanefnd.

Allt frá opnun fastanefndarinnar var unnið jafnt og þétt að aukinni virkni Íslands í störfum Evrópuráðsins, enda nauðsynlegt að ríki sem leiðir ráðherranefndina þekki starfsemi hennar í þaula. Þá var unnið ötullega að því að byggja upp sterkt tengslanet íslenskra fulltrúa og auka sýnileika Íslands.

Ísland tók formlega sæti í yfirstjórn ráðsins vorið 2021 og ári síðar tók Ísland við formennsku í mannréttindafundalotum ráðsins, hálfu ári áður en formennskutímabilið hófst. Setu Íslands í yfirstjórn Evrópuráðsins lauk í maí 2024.

Árið 2021 hófst vinna við mótun áherslna Íslands fyrir formennsku í ráðinu. Strax í upphafi var ljóst að grunngildi Evrópuráðsins – mannréttindi, lýðræði og réttarríkið – myndu verða í brennidepli formennskunnar, enda ættu þessi grundvallargildi undir högg að sækja. Þá gæfi formennskan tækifæri til að gera öðrum mikilvægum stefnumálum hátt undir höfði;



FORMENNSKUTÍMABIL ÍSLANDS



réttindum barna og ungmenna, umhverfismálum, og jafnréttismálum meðal annars með aðkomu drengja og karla, og réttindum hinsegin fólks.

Tillögur um áherslur Íslands í formennsku í Evrópuráðinu og starfsáætlun voru lagðar fyrir ríkisstjórn Íslands og kynntar utanríkismálanefnd Alþingis. Þá var haft samráð við stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi og þau ráðuneyti sem tóku þátt í framkvæmd formennskunnar. Formennskuáætlunin var fullmótuð vorið 2022.

Þegar Rússland hóf allsherjarinnrás í Úkraínu í febrúar 2022 varð um leið ljóst að sú breytta staða sem upp væri komin í álfunni myndi hafa gríðarleg áhrif á formennskutíð Íslands. Stuðningur við Úkraínu varð því strax að forgangsmáli og var fljótlega farið að líta sérstaklega til nauðsynjar þess að tryggja ábyrgðarskyldu vegna brota Rússlands.



Forsætisráðherra heimsækir Evrópuráðið í aðdraganda formennskunnar



Þá reyndi umtalsvert á sveigjanleika í undirbúningi formennskunnar þegar ákvörðun var tekin um að breyta áður nefndum utanríkisráðherrafundi Evrópuráðsins, sem fyrirhugaður var við lok formennskutímabilsins, í leiðtogafund. Það sem áður hefði engu að síður falið í sér mikla ábyrgð fyrir Ísland varð þá að enn umfangsmeira verkefni, því stærsta sem Ísland hafði tekið að sér á alþjóðavettvangi til þessa.

Áður en ákvörðun var formlega tekin um að leiðtogafundur yrði haldinn á Íslandi, og allt fram að fundinum í maí 2023, var haft þétt samráð um fundinn innan ríkisstjórnar Íslands og við utanríkismálanefnd Alþingis og embætti ríkislögreglustjóra.

ÁHERSLUR ÍSLANDS Í FORMENNSKU Í EVRÓPURÁÐINU

1. EFLA SAMSTÖÐU UM GRUNNGILDI EVRÓPURÁÐSINS – MANNRÉTTINDI, LÝÐRÆÐI OG RÉTTARRÍKIÐ

- Stuðla að auknu gagnsæi í störfum Evrópuráðsins
- Styrkja samstarf Evrópuráðsins við aðrar alþjóðastofnanir
- Vinna að auknum stuðningi við Úkraínu
- Efla samstarf ráðherranefndar við aðrar stofnanir Evrópuráðsins, þar á meðal Evrópuráðsþingið

2. VINNA AÐ JAFNRÉTTI KYNJANNA OG RÉTTINDUM HINSEGIN FÓLKS

- Kynna aðgerðir til að styðja jafnrétti og réttindi hinsegin fólks
- Stuðla að forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gegn konum
- Hvetja til þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi
- Tala fyrir auknum réttindum hinsegin fólks

3. RÉTTINDI BARNNA OG UNGMENNA

- Styðja aðgerðir til framgöngu réttinda barna og gegn ofbeldi gegn börnum
- Kynna íslenskar lausnir í þágu barnvæns réttarkerfis (Barnahús) og samþættingar þjónustu við börn
- Styðja þátttöku barna og ungmenna í ákvarðanatöku

4. UMHVERFISMÁL OG MANNRÉTTINDI

- Hvetja til umræðu um mikilvægi samspils umhverfis og mannréttinda á vettvangi Evrópuráðsins
- Auka samráð við ungt fólk um aðgerðir í baráttunni við loftslagsbreytingar
- Kynna íslenskar grænar lausnir og græn skref í ríkisrekstri



Formennskutímabil Íslands í Evrópuráðinu

Ísland tók formlega við formennsku í Evrópuráðinu af Írlandi á fundi ráðherranefndar í Strassborg þann 9. nóvember 2022. Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra stýrði fundinum sem nýr forseti ráðherranefndarinnar og kynnti um leið formennsku-áætlun Íslands.

Að ráðherranefndarfundinum loknum var sporvagn skreyttur norðurljósum í tilefni formennskunnar formlega tekinn í notkun í Strassborg. Utanríkisráðherra fékk sér far með vagninum við ráðhús Strassborgar þar sem íslenski fáninn var dreginn að húni. Loks var sérstakri menningardagskrá formennskunnar ýtt úr vör með tónleikum hljómsveitarinnar Umbru.

Sem forseti ráðherranefndarinnar kom utanríkisráðherra fram fyrir hönd Evrópuráðsins bæði gagnvart aðildarríkjum Evrópuráðsins og öðrum alþjóðastofnunum. Þannig tók ráðherra þátt í ýmsum fundum með fulltrúum alþjóðastofnana og átti fjölmarga tvíhliða fundi með utanríkisráðherrum aðildarríkja ráðsins.

Utanríkisráðherra gegndi jafnframt samræmingar- og leiðtogahlutverki Evrópuráðsins, ásamt aðalframkvæmdastjóra þess og forseta Evrópuráðsþingsins sem fólst í að stýra dagskrá ráðherranefndarinnar og taka afstöðu til ýmissa pólitískra málefna sem kæmu upp á formennskutímabilinu.



Meðan á formennskunni stóð stýrði fastafulltrúi Íslands reglulegum fundum ráðherra- nefndar Evrópuráðsins í Strassborg sem og undirnefndar um undirbúning leiðtoga- fundarins.

Formennska Íslands í Evrópuráðinu tók stakkaskiptum þegar ákvörðun Evrópuríkja lá fyrir um að halda leiðtogafund ráðsins í Reykjavík. Undirbúningur fyrir leiðtogafundinn, hvort sem það varðaði framkvæmd eða efnisleg málefni, markaði allt formennskutímabilið.

„Ísland fær það ábyrgðarmikla verkefni að leiða Evrópuráðið á tímum sem fela í sér miklar áskoranir. Grundvallargildi ráðsins – lýðræði, réttarríkið og mannréttindi – eiga undir högg að sækja eins og hörmulegt árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu sýnir svo glögg. Helsta markmiðið í formennskutíð Íslands verður því að efla þessi grundvallargildi og styrkja ráðið sem málsvara þeirra. Ísland tekur forystuhlutverki sínu alvarlega á þessum krefjandi tímum.“

UTANRÍKISRÁÐHERRA VIÐ UPPHAF FORMENNSKU ÍSLANDS Í RÁÐINU.
ÚR FRÉTTATILKYNNINGU Á STJÓRNARRÁÐSVEFNUM, 9. NÓVEMBER 2022

Á formennskutímabilinu var lögð mikil áhersla á frumkvæði Íslands í Evrópuráðinu, þar sem hvert tækifæri var nýtt til þess að afla formennskuáherslum Íslands fylgis. Þannig var Ísland virkur þátttakandi í öllum störfum ráðherranefndarinnar og undirnefnda hennar. Fulltrúar Íslands fluttu hátt í hundrað ræður og stóðu fyrir fjörtíu sameiginlegum yfirlýsingum um ýmis málefni. Yfir sjötíu viðburðir sem tengdust formennskuáherslum Íslands og menningardagskrá voru haldnir meðan á formennskunni stóð.

Sem forseti ráðherranefndarinnar heimsótti utanríkisráðherra Evrópuráðið í nokkur skipti meðan á formennskunni stóð. Þátttaka forseta, forsætisráðherra, ráðherra fagráðuneyta og annarra háttsettra aðila frá Íslandi var einnig áberandi og styrkti það enn frekar ásýnd formennskunnar og stuðlaði að framgangi markmiða hennar.

FORMENNSKA ÍSLANDS Í EVRÓPURÁÐINU

90+



Fulltrúar Íslands fluttu hátt í hundrað ræður á tímabilinu.

40



Ísland stóð að fjörtíu sameiginlegum yfirlýsingum á tímabilinu.

100+



Fastafulltrúi Íslands stýrði yfir hundrað fundum á tímabilinu.



Jafnframt tóku þingmenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og sendinefndir Íslands á héraðs- og sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins virkan þátt á formennskutímabilinu. Lögð var áhersla á mikilvægi samráðs við þingmenn í Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og utanríkismálanefnd í undirbúningi formennskunnar og meðan á henni stóð.

Ísland lagði einnig ríka áherslu á að auka samráð ráðherranefndarinnar við aðrar stofnanir Evrópuráðsins og þá einkum Evrópuráðsþingið í Strassborg. Þannig ávörpuðu forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseti Íslands öll þingið og svöruðu spurningum þingmanna. Áhugi þeirra beindist einkum að formennskuáherslum Íslands, málefnum Úkraínu, grunn-gildum Evrópuráðsins og undirbúningi leiðtogafundarins.

Þá fundaði stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins tvisvar í Reykjavík meðan á formennskunni stóð, í nóvember 2022 og í aðdraganda leiðtogafundarins. Alþingi var gestgjafi fundanna og tóku bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra þátt í þeim. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins tók einnig þátt í fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins sem fór fram í Haag í mars 2023.

Ísland beitti sér einnig fyrir því að endurvefja reglulega sameiginlega fundi ráðherranefndarinnar og Evrópuráðsþingsins (Joint Committee) sem haldnir voru í þingfundalotum Evrópuráðsins í Strassborg. Í nefndinni eiga sæti fastafulltrúar allra aðildarríkja, fulltrúar þeirra á Evrópuráðsþinginu og forysta þingsins. Að frumkvæði Íslands var sérstök áhersla lögð á að ræða undirbúning leiðtogafundarins og samstöðu með Úkraínu.

Utanríkisráðherra ásamt fastafulltrúa Íslands í Strassborg, Ragnhildi Arnljótsdóttur, og framkvæmdastjóra Evrópuráðsins, Mariju Pejčinović Burić á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins.





PÁTTAKA ÍSLENSKRA RÁÐAMANNA Í STRASSBORG



Forseti Íslands

Forseti Íslands fór tvívegis til Evrópuráðsins í tengslum við formennskuna og ávarpaði bæði ráðherranefnd ráðsins og Evrópuráðsþingið. Hann tók einnig þátt í ýmsum viðburðum formennskunnar, meðal annars viðburði um stafrænt kynbundið ofbeldi.



Forsætisráðherra

Forsætisráðherra tók virkan þátt í formennskudagskrá Íslands og undirbúningi fyrir leiðtogafundinn ásamt því að taka þátt í fjölda viðburða sem tengdust formennskunni. Forsætisráðherra heimsótti Evrópuráðið tvívegis á tímabilinu til að meðal annars að ávarpa:

- ráðherranefnd og Evrópuráðsþingið.
- fund ráðherranefndar þegar ákvörðun var tekin um að leiðtogafundur yrði haldinn á Íslandi.



Utanríkisráðherra

Utanríkisráðherra tók þátt í fjölda viðburða tengdum formennskunni og átti marga fundi í embætti sínu sem forseti ráðherranefndar Evrópuráðsins. Ráðherra heimsótti Strassborg þrisvar á formennskutímanum til að meðal annars:

- taka formlega við formennsku Íslands í ráðinu af Írlandi
- taka þátt í sérstakri dagskrá tileinkaðri Úkraínu
- ávarpa Evrópuráðsþingið



Mennta- og barnamálaráðherra

Mennta- og barnamálaráðherra heimsótti Evrópuráðið tvívegis þar sem áherslur Íslands á réttindi barna og ungmenna voru í forgrunni og tók þátt í viðburðum þeim tengdum:

- tók þátt í sérstakri ráðstefnu um réttindi barna, fjallaði um stofnsetningu Barnahúss og hvernig hægt sé að byggja á þeirri reynslu við stofnun samsvarandi úrræða í aðildarríkjum Evrópuráðsins.
- var gestgjafi á fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um réttindi barna sem haldinn var í Reykjavík.



Innviðaráðherra

Innviðaráðherra sótti héraðs- og sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Strassborg í lok mars 2023 og vakti þar meðal annars athygli á áherslum Íslands á sviði umhverfismála. Borgarstjórinn í Reykjavík ávarpaði jafnframt þingið.



Menningar- og viðskiptaráðherra

Menningar- og viðskiptaráðherra var heiðursgestur á Íslandsdegi sem haldinn var í Strassborg í aðdraganda leiðtogafundarins í Reykjavík og átti einnig tvíhliða fundi á vettvangi Evrópuráðsins.



Forsætisráðherra ávarpar Evrópuráðsþingið.

Aukið samráð milli stofnana innan Evrópu var einnig ein af áherslum í formennsku Íslands, með það að leiðarljósi að auka skilvirkni og samstöðu meðal Evrópuríkja um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Á grundvelli þessa, ávarpaði utanríkisráðherra fastaráð Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín í janúar 2023 og fund utanríkisráðherra Evrópusambandsríkja í Lúxemborg í apríl 2023.

Öll verkefni Íslands á meðan á formennskunni stóð miðuðu að því að fylgja eftir áherslum og markmiðum hennar. Hér eftir verður tæpt á nokkrum atriðum úr formennskudagskrá Íslands.

STUÐNINGUR OG SAMSTAÐA MEÐ ÚKRAÍNU

Ísland tók við formennsku í Evrópuráðinu á krefjandi tímum þar sem grundvallargildi ráðsins, mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, áttu, og eiga enn, undir högg að sækja.

MENNINGARDAGSKRÁ ÍSLANDS

77



77 viðburðir voru haldnir í tengslum við formennsku Íslands.

47



Af þeim voru tæplega fimmtíu tengdir formennskuáherslum Íslands.

30



30 viðburðir voru tengdir menningardagskrá formenskunnar.



Utanríkisráðherra, aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins og fastafulltrúi Úkraínu við opnun sérstakrar ljósmyndasýningar um Úkraínu á vettvangi Evrópuráðsins.

Skýrasta birtingarmynd þess er innrásarstríð Rússlands í Úkraínu sem var stærsta pólitíska málefnið í formennsku Íslands.

Ísland lagði ríka áherslu á stuðning og samstöðu Evrópu með Úkraínu og fjöldi viðburða á formennskutímanum og á leiðtogafundinum voru tileinkaðir baráttu landsins. Í þessu skyni nýttu íslenskir fulltrúar öll tækifæri til að tala máli Úkraínu og leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggja ábyrgð vegna þeirra brota sem framin hafa verið. Samstaða með Úkraínu og grunngildum Evrópuráðsins var til að mynda sérstakt áherslumál þegar forsætisráðherra Íslands ávarpaði Evrópuráðsþingið í janúar 2023 sem og þegar utanríkisráðherra og forseti Íslands ávörpuðu þingið í apríl 2023.

Þá var einnig lagt upp með að niðurstöðuskjal leiðtogafundarins myndi hafa raunverulega þýðingu fyrir Úkraínu. Íslensk stjórnvöld áttu náið samráð með úkraínskum stjórnvöldum um mögulega niðurstöðu leiðtogafundarins í þágu Úkraínu og var vinnuferð utanríkisráðherra og forsætisráðherra til Úkraínu í mars 2023 mikilvægur liður í því samtali.

„Okkur er falin formennska í ráðherranefnd Evrópuráðsins og tökum alvarlega þá ábyrgð sem felst í því á þeim umbrotatímum sem nú eru uppi. Þegar kemur að alþjóðlegu samstarfi eigum við Íslendingar að leggja metnað okkar í að standa skil á okkar hlutverki af sóma og með fagmennsku í þágu alþjóðakerfisins. Það er uppörvandi og hvetjandi að finna það hjá starfsbróður mínum í Úkraínu að það getur munað um framlag Íslands. Í mínum huga felur það í sér skyldu til þess að við látum okkar ekki eftir liggja þar sem við getum gagnast réttum málstað,“

SAGÐI ÞÓRDÍS KOLBRÚN Í SAMEIGINLEGRI YFIRLÝSINGU
UTANRÍKISRÁÐHERRA ÍSLANDS OG ÚKRAÍNU, 15. MARS 2023.



Strax í upphafi allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu kölluðu úkraínsk stjórnvöld eftir stofnun sérstaks dómstóls sem gæti dregið innrásaraðilann til ábyrgðar fyrir glæpi gegn friði. Mikilvægt er að þeir sem bera ábyrgð á því að fremja alþjóðaglæpi í átökunum verði sóttir til saka. Einnig þarf að aðstoða almenna borgara við að sækja bætur vegna manntjóns, alvarlegs líkamstjóns og þeirra eignaskemmda sem orðið hafa í stríðinu í Úkraínu.

Í því samhengi og eftir samráð við úkraínsk stjórnvöld og Evrópuráðið, setti Ísland sér það markmið strax í upphafi formennskunnar að vinna með Evrópuráðinu að því að koma á fót sérstakri tjónaskrá (Register of Damage) fyrir Úkraínu á leiðtogafundi Evrópuráðsins sem tæki til fyrrnefnds tjóns sem Rússland hefur valdið með stríði sínu í Úkraínu. Um væri að ræða mikilvægt skref í átt að ábyrgðarskyldu og réttlæti fyrir þau sem orðið hafa fyrir tjóni vegna innrásarinnar.

Gífurleg vinna lá að baki því að ná settu markmiði um stofnsetningu tjónaskrárinnar á leiðtogafundinum. Nánar er fjallað um tjónaskrána í kaflanum um niðurstöður leiðtogafundarins.

„Rússum ber skylda til að bæta fyrir allan skaða, manntjón og meiðsl á fólki sem hlotist hafa af ólöglegum athöfnum þeirra. Sem fyrsta skrefið að því að tryggja alhliða skaðabætur mætti stofna alþjóðlega tjónaskrá á vettvangi Evrópuráðsins. Við fögnum þeim skrefum sem þegar hafa verið tekin til að þróa slíka tjónaskrá.“

ÚR SAMEIGINLEGRI YFIRLÝSINGU UTANRÍKISRÁÐHERRA ÍSLANDS
OG UTANRÍKISRÁÐHERRA ÚKRAÍNU, 15. MARS 2023

Blásið til sérstakrar dag-
skrár til heiðurs Úkraínu í
tengslum við formennsku
Íslands í Evrópuráðinu.





JAFNRÉTTISMÁL SETT Á ODDINN

Þrátt fyrir að töluverður árangur hafi náðst á Íslandi á ýmsum sviðum jafnréttismála er ljóst að víða í Evrópu hefur átt sér stað bakslag. Nýjar áskoranir hafa litið dagsins ljós, meðal annars með auknu stafrænu kynbundnu ofbeldi. Ærið verk er því fyrir höndum ef jafnrétti á að nást á heimsvísu í nágrenni framtíð og mikilvægt að ríki séu tilbúin að leggja sitt af mörkum til að berjast fyrir jafnrétti.

Á formennskutímanum lagði Ísland áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um þá sigra sem náðst hafa í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og talaði fyrir frekari aðgerðum til að sporna við kynbundnu ofbeldi, þar með talið stafrænu ofbeldi.

Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi Istanbúlsamningsins sem felur í sér skuldbindingar aðildarríkja til að gera nauðsynlegar breytingar á lögum til að tryggja rétt kvenna til lífs án ofbeldis og samþætta kynjasjónarmið í aðgerðum og stefnumótun. Samhliða fundi aðildarríkja Istanbúlsamningsins hélt Ísland viðburð um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi sem forseti Íslands ávarpaði. Ísland fullgilti Istanbúlsamninginn árið 2018.

Einnig var lögð áhersla á mikilvægi þátttöku karla og drengja í baráttunni fyrir jafnrétti og gegn kynbundnu ofbeldi. Að frumkvæði Íslands var þetta meginþema á fundi jafnréttisnefndar Evrópuráðsins í apríl 2023 þar sem einnig var efnt til rakarastofuviðburðar með þátttöku forseta Íslands.

Í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík var nýjum alþjóðlegum jafnréttisverðlaunum í nafni Vigdísar Finnbogadóttur, Vigdís Prize for Women's Empowerment, komið á fót. Evrópuráðsþingið og ríkisstjórn Íslands standa að verðlaununum sem ætlað er að vekja athygli á einstaklingum, stofnunum eða samtökum sem stuðlað hafa að valdeflingu kvenna með framúrskarandi hætti. Verðlaunin voru afhent í fyrsta sinn þann 24. júní 2024 í Strassborg þar sem verðlaunagripurinn Kvika eftir listakonuna Brynhildi Þorgeirsdóttur var afhentur við hátíðlega athöfn. Listaverkið er úr gleri og með tilvísun í íslenska náttúru og tungu.

BARÁTTAN FYRIR RÉTTINDUM HINSEGIN FÓLKS

Ísland lét ekki sitt eftir liggja í baráttunni fyrir hinsegin réttindum meðan á formennskunni stóð enda málefni þessa hóps enn viðkvæm víðast hvar, ekki aðeins á heimsvísu heldur einnig innan Evrópuríkja, þar sem nokkur ríki leyfa ekki samkynja hjónabönd. Markmiðið var að standa vörð um þann árangur sem þegar hefur náðst í réttindabaráttu hinsegin fólks og tala fyrir enn frekari framförum, en jafnframt að gæta þess að viðhalda jafnvægi í umræðunni til að forðast bakslag í baráttunni.

Forseti Íslands ávarpar
rakarstofuviðburð á vett-
vangi Evrópuráðsins.



FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu

Nokkrir viðburðir voru tileinkaðir framgangi réttinda hinsegin fólks. Þar bar hæst alþjóðleg ráðstefna um hinsegin málefni (IDAHOT+ Forum) sem fór fram í Reykjavík í aðdraganda leiðtogafundarins. Forsætisráðherra, utanríkisráðherra og félags- og vinnu- markaðsráðherra ávörpuðu fundinn sem yfir hundrað fulltrúar evrópskra stjórnvalda, aðgerðasinna og hagsmunasamtaka sóttu. Regnbogakort Evrópusamtaka hinsegin fólks (ILGA Europe) var kynnt á fundinum og hafði Ísland þá stökkið upp í fimmta sæti en er nú komið í annað sæti.

Við lok formennskunnar og í tengslum við alþjóðlegan dag gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki (IDAHOBIT) hafði Ísland einnig frumkvæði að því að gefa út sameiginlega yfirlýsingu 27 ráðherra aðildarríkja Evrópuráðsins. Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á mikilvægi samstöðu gegn mismunun og ofbeldi í garð hinsegin fólks og þess að Evrópuríki standi saman við að auka virðingu fyrir fjölbreytileika og mannréttindum allra, óháð kyn- hneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.


AÐKOMA ÍSLANDS AÐ ÖÐRUM UTANRÍKISPÓLÍTÍSKUM MÁLEFNUM

Auk stuðnings og samstöðu með Úkraínu voru fjölmörg pólitísk mál á borði Íslands á meðan á formennskunni stóð. Ber þar einkum að nefna aðildarumsókn Kósovó að Evrópuráðinu, sem enn er í ferli, átök á milli Armeníu og Aserbaísjan og viðkvæma stöðu á Lachin-fjallvegnum, samstarf við lýðræðisöfl í Belarús, mál Osmans Kavala í Tyrklandi og pólitísku fanganna Alexei Navalní heitins og Vladimirs Kara-Murza í Rússlandi. Þá var einnig fjallað á vettvangi ráðherranefndarinnar um stöðu mála á öðrum svæðum innan aðildarríkja Evrópuráðsins, meðal annars í Georgíu og á Balkanskaganum.





MYNDIR FRÁ FORMENNSKUTÍMABILINU





UTANRÍKISRÁÐHERRA, SEM FORSETI RÁÐHERRANEFNDARINNAR, SENDI MEÐAL ANNARS FRÁ SÉR EFTIRTALDAR YFIRLÝSINGAR:

- Yfirlýsing þegar ár var liðið frá allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu
- Yfirlýsing vegna 15 ára fangelsisdóms yfir leiðtoga lýðræðissinna í Belarús, Sviatlönu Tsikhanouskaya
- Yfirlýsing vegna heimsóknar forseta ráðherranefndar Evrópuráðsins til Kyiv, Borodianka og Bucha í kjölfar voðaverka sem þar voru framin
- Yfirlýsing þegar ár var liðið frá brottvísun Rússlands úr Evrópuráðinu
- Yfirlýsing þegar ár var liðið frá frelsun Bucha og Irpin undan rússneskum yfirráðum
- Yfirlýsing vegna stöðu mála í Nagorno-Karabakh vegna lokunar á Lachin-fjallvegnum
- Yfirlýsing vegna hrakandi heilsu rússneska stjórnarandstæðingsins Alexei Navalní
- Yfirlýsing vegna fangelsunar rússneska stjórnarandstæðingsins Vladímir Kara-Murza

Utánríkisráðherra ávarpar alþjóðlega ráðstefnu um hinsegin málefni (IDAHOT+ Forum) á Íslandi.





Aðildarumsókn Kósovó að Evrópuráðinu

Kósovó lagði fram umsókn um aðild að Evrópuráðinu í maí 2022 í formennskutíð Ítalíu. Aðildarumsóknin var þó ekki sett í formlegt ferli fyrr en í formennsku Íslands en á meðan á formenskunni stóð hélt Ísland fjölda samráðsfunda með aðildarríkjum Evrópuráðsins um afstöðu þeirra til umsóknarinnar. Þess ber að geta að tólf ríki ráðsins viðurkenna ekki fullveldi Kósovó.

Sem hluti af samráðsferlinu átti utanríkisráðherra tvíhliða fundi vegna málsins, meðal annars með forseta Kósovó sem kom í heimsókn til Íslands í febrúar 2023 og fundaði einnig með forsætisráðherra og forseta Íslands og heimsótti Alþingi. Fulltrúar Serbíu komu einnig til landsins til að funda með fulltrúum utanríkisráðuneytisins vegna málsins. Fastafulltrúi Íslands í Strassborg átti jafnframt fjölmarga fundi með ráðherrum frá ráðherrum frá Kósovó og Serbíu.

Eftir víðtækt samráð við aðildarríki Evrópuráðsins ákvað utanríkisráðherra Íslands að leggja formlega til við ráðherranefnd Evrópuráðsins að senda aðildarumsóknina til Evrópuráðsþingsins til efnislegrar meðferðar. Ráðherranefnd Evrópuráðsins samþykkti það í lok apríl 2023 en við útgáfu þessarar skýrslu er aðildarumsókn Kósovó enn í ferli á vettvangi ráðsins.

Átök Armeníu og Aserbaísjan

Deilur á milli Armeníu og Aserbaísjan voru á dagskrá fjölda funda ráðherranefndar Evrópuráðsins meðan á formennsku Íslands stóð.

Á fundi ráðherranefndar Evrópuráðsins í janúar 2023 setti Ísland á dagskrá lokun Lachin-fjallvegarins (Lachin Corridor), sem tengir hið umdeilda landsvæði Nagorno-Karabakh við Armeníu. Á fundinum lýstu fulltrúar fjölda aðildarríkja yfir áhyggjum vegna stöðu mála, kölluðu eftir frjálstri för fólks og aðgengi að vistum og nauðsynjum, og einnig auknu aðgengi mannúðaraðstoðar.

Þann 19. janúar 2023 gaf utanríkisráðherra sem forseti ráðherranefndar Evrópuráðsins svo út opinbera yfirlýsingu þar sem hún lýsti áhyggjum af mannúðarástandinu í Nagorno-Karabakh vegna lokunar Lachin-fjallvegarins. Þá skoraði ráðherra á hlutaðeigandi yfirvöld að koma á ferðafrelsi og leysa úr ágreiningi sínum á friðsamlegan hátt.

Utanríkisráðherra Íslands átti tvíhliða fundi vegna málsins á meðan á formenskunni stóð, meðal annars við utanríkisráðherra Armeníu. Þá heimsótti sendinefnd frá Aserbaísjan Ísland vegna málsins í febrúar 2023. Þegar Ísland hafði látið af formennsku, lýsti Aserbaísjan yfir fullnaðarsigri í september 2023 eftir snarpar hernaðaraðgerðir og tók yfir stjórn hins umdeilda héraðs. Í kjölfarið hefur þingmönnum Aserbaísjan verið meinað að sitja Evrópuráðsþingið, meðal annars vegna víðtækra mannréttindabrota í landinu og neitunar þarlendrar stjórnvalda um kosningaeftirlit af hálfu þingsins. Drög að friðarsamkomulagi liggja nú fyrir milli Armeníu og Aserbaísjan sem enn hafa ekki verið samþykkt þegar þessi skýrsla er rituð.



Samstarf við lýðræðisöfl í Belarús

Meðan á formennsku Íslands stóð var lögð áhersla á að efla samstarf Evrópuráðsins við lýðræðisöfl og frjáls félagasamtök í Belarús, en þau hafa litið á Evrópuráðið sem mikilvægan vettvang samstarfs til þess að styrkja lýðræðisöfl í Belarús. Í aðdraganda formennsku Íslands samþykkti ráðherranefndin að stofna samráðshóp til að formgera samstarf Evrópuráðsins við stjórnarandstæðinga í Belarús. Afrakstur vinnuhópsins er meðal annars aðgerðaáætlun um stuðning Evrópuráðsins við lýðræðisleg öfl þar í landi.

Þannig átti utanríkisráðherra og fulltrúar Íslands fjölda funda með fulltrúum lýðræðisafla í Belarús á meðan á formenskunni stóð. Jafnframt sendi utanríkisráðherra, í embætti forseta ráðherranefndar Evrópuráðsins, frá sér opinbera yfirlýsingu í mars 2023 þar sem hún gagnrýndi fangelsisdóm sem leiðtogi lýðræðissinna, Svetlana Tsikhanaouskaya, hlaut í Belarús. Þá sóttu fulltrúar lýðræðisafla leiðtogafund Evrópuráðsins í Reykjavík.

Málefni pólitískra fanga í Evrópu

Málefni Osmans Kavala, sem verið hefur í haldi í á sjöunda ár í Tyrklandi, var reglulega á dagskrá ráðherranefndarinnar á formennskutíma Íslands. Kavala situr nú í lífstíðarfangelsi í andstöðu við dóma Mannréttindadómstóls Evrópu sem án árangurs hefur beint því til tyrkneskra stjórnvalda að leysa hann úr haldi. Meðan á formennsku Íslands stóð áttu sér stað ýmis samskipti við fulltrúa Tyrklands um málið.

Þá sendi utanríkisráðherra frá sér opinbera yfirlýsingu sem forseti ráðherranefndarinnar í apríl 2023 þar sem lýst var yfir miklum áhyggjum vegna heilsu pólitíska fangans Alexei Navalní í Rússlandi. Eins og kunnugt er lést hann í fangelsi í Rússlandi 16. febrúar 2024 eftir þriggja ára fangelsisvist sem var í andstöðu við niðurstöður Mannréttindadómstóls Evrópu.



Utanríkisráðherra svarar spurningum þingmanna Evrópuráðsþingsins.

Utanríkisráð-
herra átti marga
fundi með fram-
kvæmdastjóra
Evrópuráðsins
á meðan á for-
mennskunni stóð.



FORMENNNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu



Utanríkisráðherra
í embætti forseta
ráðherranefndar
Evrópuráðsins.



Fjöldi ólíkra menningarviðburða voru haldnir í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu. Hér flytur Benedikt Kristjánsson tenór verk Bachs „Johannespasion a trois“ í dómkirkjunni í Strassborg.

Í maí 2023 sendi utanríkisráðherra frá sér opinbera yfirlýsingu sem forseti ráðherra-nefndarinnar vegna fangelsunar stjórnarandstæðingsins Vladimir Kara-Murza í Rússlandi. Fyrir handtöku Kara-Murza átti hann nokkra fundi með fulltrúum íslensku formennskunnar.

MENNINGARDAGSKRÁ

Á formennskutímabili Íslands í Evrópuráðinu gafst einstakt tækifæri til að kynna land og þjóð í Strassborg og víðar, en formennsku aðildarríkja fylgir jafnan umfangsmikil menningardagskrá.

Ísland bauð upp á fjölbreytta menningardagskrá í formennskutið sinni sem samanstóð af fjölda ólíkra viðburða sem starfsfólki Evrópuráðsins og almenningi í Strassborg bauðst að sækja. Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu skipulagði dagskrána í samstarfi við borgaryfirvöld í Strassborg, utanríkisráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið, Miðstöð lista og skapandi greina og Íslandsstofu. Menningardagskráin er í fylgiskjali með þessari skýrslu.

Menningar- og viðskiptaráðherra flutti opunarávarp á bókmenntaviðburði með rithöfundunum Jóni Kalman Stefánssyni og Sigríði Hagalín Björnsdóttur ásamt Eric Boury þýðanda.



FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu



Sporvagn þýddur norðurljósum og íslensku landslagi verður í Strassborg næstu árin.

Sem fyrr segir hófst dagskráin með fjölmennum opunartónleikum hljómsveitarinnar Umbru í miðborg Strassborgar í nóvember. Á sama tíma var afhjúpaður sporvagn þýddur norðurljósum og íslensku landslagi og mun hann halda áfram að kynna Ísland í borginni næstu ár.

Ísland stóð jafnframt fyrir mörgum menningarviðburðum og má þar nefna bókmenntakynningar, kvikmyndasýningar, leiksýningar fyrir börn og íslenska veitingastaðaviku. Menningardagskrá Íslands lauk með sérstökum Íslandsdegi í maí 2023.

Þetta var í fyrsta sinn sem utanríkisþjónustan hefur staðið fyrir slíkri menningardagskrá á vettvangi Evrópuráðsins og í Strassborg. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar, forseti Íslands og borgarstjóri tóku þátt í ýmsum viðburðum menningardagskránnar.



Virk upplýsingamiðlun og mikilvægi samráðs

Allt frá upphafi undirbúnings formennsku Íslands í Evrópuráðinu og meðan á henni stóð var lögð mikil áhersla á virka upplýsingamiðlun og samráð, með það að markmiði að formennskan væri sýnileg og aðgengileg íslenskum almenningi.

Með þetta að leiðarljósi voru opnir viðburðir haldnir á Íslandi til þess að efna til samtals um hin ýmsu viðfangsefni Evrópuráðsins og íslensku formenskunnar.

*Málþing um árásar-
stríð rússneskra
stjórnvalda gegn
Úkraínu.*





Þáverandi forsætisráðherra fundar með þingmönnum Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins.

Þannig var haldið málþing í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands í tengslum við alþjóðlegan dag mannréttinda í desember 2022 þar sem fjallað var um árásarstríð rússneskra stjórnvalda gegn Úkraínu, aðstæður almennra borgara og efnt til samtals um hvernig alþjóðasamfélagið geti aðstoðað Úkraínumenn við að tryggja saksókn og refsingu fyrir alþjóðlega glæpi. Borys Tarasyuk, sendiherra Úkraínu gagnvart Evrópuráðinu og fyrrverandi utanríkisráðherra, var heiðursgestur málþingsins.

Þá var í upphafi formennskunnar blásið til fundar í Háskóla Íslands undir yfirskriftinni „Human Rights Protection in Challenging Times. The Future Role of the Council of Europe“ þar sem fjallað var um hlutverk Evrópuráðsins til framtíðar þegar kemur að því að standa vörð um mannréttindi og lýðræði.

Til þess að auka gagnsæi og sýnileika starfa Evrópuráðsins sjálfs var fundi ráðherra nefndar Evrópuráðsins streymt opinberlega í fyrsta sinn að frumkvæði Íslands 24. febrúar 2023, þegar efnt var til sérstakrar dagskrár á vettvangi ráðsins þegar ár var liðið frá því að allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu hófst.

Í undirbúningi formennskunnar var haft þétt samráð innan ríkisstjórnar Íslands um áherslur og markmið Íslands og ákvörðun um að Ísland tæki að sér gestgjafahlutverk leiðtogafundar. Meðan á formennskunni stóð var ríkisstjórnin upplýst jafnt og þétt um það helsta sem var á dagskrá hennar og stöðu undirbúnings leiðtogafundar ráðsins. Utanríkisráðuneytið lagði einnig áherslu á að halda utanríkismálanefnd Alþingis vel upplýstri á formennskutímabilinu og allt að leiðtogafundi ráðsins. Utanríkisráðherra kom á fund utanríkismálanefndar nokkrum sinnum á formennskutímanum og fulltrúar ráðuneytisins funduðu reglulega með henni í aðdraganda formennskunnar og meðan á henni stóð.



Vírt samráð var einnig haft við önnur ráðuneyti. Það fór einkum fram á fundum stýrihóps Stjórnarráðsins um mannréttindi en einnig var kallað til nokkurra funda með fulltrúum ráðuneyta sem sækja fundi á vettvangi Evrópuráðsins, en þeir eru um fimmtíu talsins.

Fjöldi fjölmiðlafólks sóttu leiðtogafundinn.

Þar að auki voru haldnir fundir með Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins í tengslum við undirbúning formennskunnar og meðan á henni stóð. Þá átti fastanefnd Íslands reglulega samráðs- og upplýsingafundi í Strassborg með Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins og sendinefndum Íslands á héraðs- og sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins á á formennskutímabilinu.



Forsætisráðherra ávarpar fjölmiðlafólk við upphaf leiðtogafundar.



Blaðamannafundur við lok leiðtogafundar Evrópuráðsins.

Víðtækt samráð var einnig haft við frjáls félagasamtök, bæði á vettvangi Evrópuráðsins og í Reykjavík. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins tók þátt í ráðstefnu frjálsra félagasamtaka sem hefur ráðgefandi hlutverk í Evrópuráðinu í mars 2023, þar sem fjallað var sérstaklega um undirbúning fyrir leiðtogafundinn. Ísland lagði enn fremur áherslu á mikilvægi þess að frjáls félagasamtök og fræðasamfélagið gætu komið með hugmyndir við mótun Reykjavíkuryfirlýsingarinnar sem samþykkt var á leiðtogafundinum. Nánar er fjallað um samráðsferli vegna yfirlýsingarinnar síðar í skýrslunni.

Íslenskir fjölmiðlar fjölluðu margt um undirbúning fyrir leiðtogafund og léku



lykilhlutverk að koma skilaboðum um afleiðingar fundarins á almenning á framfæri.¹ Leiðtogafundinum í Reykjavík var streymt opinberlega og annaðist Ríkisútvarpið beina útsendingu frá fundinum í samstarfi við Samtök evrópskra sjónvarpsstöðva (EBU).

Sérstakar fjölmiðlastöðvar voru opnar meðan á fundinum stóð, annars vegar í Hörpu og hins vegar í Tollhúsinu. Enginn viðburður í 75 ára sögu Evrópuráðsins hefur hlotið jafnmikla athygli fjölmiðla, og þegar litið er til heildarumfjöllunar um Ísland í evrópskum fjölmiðlum fyrri hluta árs 2023 voru fréttir tengdar leiðtogafundinum fyrirferðarmestar.

Virk upplýsingamiðlun fór einnig fram í formi greinaskrifa og ræðuhalda um formennsku Íslands og leiðtogafund Evrópuráðsins. Áhersla var lögð á að öll ávörp sem flutt voru á vegum Íslands á fundum í tengslum við formenskuna og leiðtogafundinn væru gerð aðgengileg á vef Stjórnarráðsins.

¹ Sem dæmi má sjá eftirfarandi viðtöl:

<https://www.ruv.is/ungruv/spila/kastljós/33550/9vukp4/leidtogafundur-evropuradsins>

<https://www.visir.is/g/20232413398d/fulltruar-fjordungs-fullvalda-rikja-heims-a-leid-til-reykjavikur>

<https://www.visir.is/g/20232415602d/harpa-komin-i-buning-al-thjoda-stofnunar>



Leiðtogafundur Evrópuráðsins

Leiðtogafundur Evrópuráðsins var haldinn í Reykjavík 16. og 17. maí 2023 og markaði lok formennsku Íslands í Evrópuráðinu. Þetta var í fjórða sinn í 75 ára sögu stofnunarinnar sem leiðtogar aðildarríkja komu saman undir merkjum ráðsins.

Í kjölfar allsherjarinnrásar Rússa í Úkraínu var ljóst að reyna myndi á samstarf og samstöðu innan Evrópu þar sem Evrópuráðið leikur mikilvægt hlutverk. Markmiðið með leiðtogafundinum var að styrkja samstöðu aðildarríkjanna, ekki síst með Úkraínu, treysta stöðir Evrópuráðsins og gera stofnuninni kleift að vinna áfram að sínum grunngildum, mannréttindum, lýðræði og réttarríkinu, innan álfunnar.

„Ísland tekur ábyrgð sína alvarlega og með því að halda þennan sögulega fund leggjum við okkar af mörkum í þágu lýðræðis, mannréttinda og réttarríkisins. Miklar vonir eru bundnar við að niðurstaða fundarins skipti raunverulegu máli fyrir Úkraínu og að tekin verði mikilvæg skref til þess að ábyrgðarskylda vegna brota Rússlands í Úkraínu verði tryggð.“

SAGÐI UTANRÍKISRÁÐHERRA Í AÐDRAGANDA
LEIÐTOGAFUNDAR, 12. MAÍ 2023.



Framkvæmd leiðtogafundarins er eitt umfangsmesta og metnaðarfullsta verkefni sem utanríkisþjónustan hefur tekist á hendur. Allt tiltækt starfsfólk innan ráðuneytisins var virkjað og við bættist ómetanlegur liðsauki úr öðrum ráðuneytum og stofnunum.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra voru gestgjafar leiðtogafundarins sem alls 42 leiðtogar sóttu. Fulltrúar allra 46 aðildarríkja Evrópuráðsins tóku þátt í fundinum, sem og leiðtogar alþjóðastofnana og fulltrúar fimm áheyrnarríkja Evrópuráðsins. 65 erlendar sendinefndir og hátt í eitt þúsund gestir komu til landsins til að taka þátt í fundinum, auk um rúmlega 200 blaða- og fjölmiðlamanna. Þá störfuðu hátt í fjögur hundruð manns við uppsetningu og framkvæmd fundarins, sem komu úr hópi starfsfólks ráðuneyta, Evrópuráðsins, Hörpu og verktaka.

Íslenskir ráðherrar héldu 29 formlega tvíhliða fundi í tengslum við leiðtogafundinn í Reykjavík en alls voru haldnir á milli 130 og 140 tvíhliða fundir leiðtoga í Reykjavík.

Á vettvangi Evrópuráðsins er vísað til leiðtogafundarins í Reykjavík sem afar vel heppnaðs og sögulegs fundar, einkum út frá efnislegum samþykktum, þátttöku, allri framkvæmd og sýnileika Evrópuráðsins. Enginn viðburður í sögu Evrópuráðsins frá upphafi hefur hlotið


GESTIR SEM SÓTTU LEIÐTOGAFUND EVRÓPURÁÐSINS

42



Alls sóttu **42** leiðtogar fundinn

1.000



Hátt í **1.000** gestir komu til landsins til að taka þátt í fundinum

200



auk yfir **200** erlendra blaða- og fjölmiðlamanna

jafn mikla umfjöllun í fjölmiðlum og Ísland var jafnframt mikið í fréttum innan Evrópu í tengslum við leiðtogafundinn.



VERÐUR LEIÐTOGAFUNDUR HALDINN Á ÍSLANDI?

Frá árinu 2019 miðaði undirbúningur Íslands að því að haldinn yrði hefðbundinn utanríkisráðherrafundur við lok formennsku Íslands að vori 2023. Slíkur fundur hefði verið fjölmennasti ráðherrafundur sem haldinn hefði verið á Íslandi.

Í maí 2022 hófst umræða innan Evrópuráðsins um hvort tilefni væri til að efna til leiðtogafundar á næstu misserum í ljósi stöðu mála í Evrópu. Þar sem þegar stóð til að halda hefðbundinn ráðherrafundur á Íslandi vorið 2023 skoðaði utanríkisráðuneytið í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra hvort gerlegt væri að halda leiðtogafund af slíkri stærðargráðu á Íslandi. Þegar jákvæð niðurstaða lá fyrir úr þeirri greiningarvinnu lýsti Ísland sig formlega reiðubúið til að verða gestgjafi leiðtogafundar, ef eftir því yrði óskað. Fleiri ríki buðust til að halda fundinn en Ísland varð fyrir valinu þegar formleg ákvörðun var tekin í ráðherranefnd Evrópuráðsins í nóvember 2022.

Umræða um mikilvægi þess að halda leiðtogafund hafði farið fram á vettvangi Evrópuráðspingsins um nokkurt skeið en þingið lýsti formlega yfir stuðningi við að halda fjórða leiðtogafund ráðsins snemma árs 2023.

Sömu sögu má segja um sérstakan hóp háttsettra aðila (High Level Reflection Group, HLRG) sem settur var á fót á vettvangi Evrópuráðsins um mitt ár 2022 sem lagði áherslu á að leiðtogafundur yrði haldinn sem fyrst. Hópnum var ætlað að meta stöðuna innan Evrópu og Evrópuráðsins í kjölfar allsherjarinnrásar Rússlands í Úkraínu og leggja fram tillögur um nálgun Evrópuráðsins í lykilmálefnum fyrir álfuna. Mary Robinson, fyrrverandi forseti Írlands, gegndi formennsku í hópnum.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins ákvað samhljóða að halda fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins á Íslandi. Forsætisráðherra ávarpaði fundinn.





Sem liður í undirbúningi fyrir mögulegan leiðtogafund tók fastafulltrúi Íslands í Strassborg við formennsku haustið 2022 í þar til gerðum vinnuhópi um leiðtogafund (GTSOM-4) þar sem fulltrúar allra aðildarríkja áttu sæti.

MARKMIÐ SETT Í UPPHAFI UM EFNISLEGA NIÐURSTÖÐU FUNDARINS

Við upphaf undirbúnings fyrir leiðtogafundinn hóf utanríkisráðuneytið vinnu við markmiðasetningu fyrir hann, sem einnig myndi endurspeglar formennskuáherslur Íslands. Íslensk stjórnvöld vildu beita sér fyrir því af fullum þunga að leiðtogafundurinn skilaði niðurstöðu sem skipti raunverulegu máli fyrir Úkraínu og að ábyrgðarskylda vegna brota Rússlandshers í Úkraínu yrði tryggð. Þá var talið sérstaklega mikilvægt að ríki ráðsins kæmu saman á tímum stríðs í Evrópu, og sameinuðust um að leggja sitt af mörkum til að festa í sessi grunnildi ráðsins um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið.

Íslensk stjórnvöld sáu möguleika á því að koma á fót tjónaskrá fyrir Úkraínu á leiðtogafundinum. Þannig myndu þeir einstaklingar sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum innrásar Rússlands fá það skráð. Væri það mikilvægt skref í átt að ábyrgðarskyldu þeirra sem framið hafa glæpi í Úkraínu.

Jafnframt voru vonir bundnar við að frá fundinum kæmu skýrar leiðbeiningar til aðildarríkja um hvernig styðja skuli við lýðræði í aðildarríkjum Evrópuráðsins. Þá stóðu vonir til þess að fundurinn myndi marka upphaf að vinnu við að mæta ýmsum áskorunum samtímans og framtíðar, til dæmis þegar litið væri til mannréttinda, umhverfismála, gervigreindar og stafrænnar þróunar.

Fastanefnd Íslands í Strassborg átti mánuðum saman víðtækt samráð um texta lokayfirlýsingar leiðtogafundarins sem hlaut nafnið Reykjavíkuyfirlýsingin. Hlutverk Íslands fólst fyrst og fremst í því að hafa forystu fyrir verkefninu í heild, leggja fram skýran ramma, annast samræmingu og leiða fram nauðsynlegar málamiðlanir svo unnt væri að ná sátt um efnislega og markverða niðurstöðu.

Ísland lagði meiri vinnu í upphafleg ályktunardrög að Reykjavíkuyfirlýsingunni en venja er á vettvangi Evrópuráðsins. Þannig lagði Ísland upp með mun víðtækara samráð en hefð var fyrir, meðal annars með því að opna í fyrsta sinn í sögu Evrópuráðsins fyrir hugmyndir og innlegg frá fræðasamfélaginu, frjálsum félagasamtökum og öðrum sem láta starf Evrópuráðsins sig varða. Aðildarríki tóku að sér að leiða samningaviðræður um mismunandi kafla yfirlýsingarinnar sem gaf ríkjum ráðsins einnig meira eignarhald á textanum sem stuðlaði að lokum að betri sátt um niðurstöðuna.

UNDIRBÚNINGI LEIÐTOGAFUNDAR Í REYKJAVÍK HRUNDIÐ AF STAÐ

Utanríkisráðuneytið leiddi undirbúning leiðtogafundarins, í samstarfi við forsætisráðuneytið, dómsmálaráðuneytið, embætti ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðina, Reykjavíkurborg, ISAVIA, tollgæslusvið Ríkisskattstjóra og fleiri. Þar að auki var haft samráð við innviðaráðuneytið og fjármála- og



efnahagsráðuneytið og einnig náði samstarf við skrifstofu Evrópuráðsins. Skipulag og framkvæmd fundarins var alfarið í höndum íslenskra stjórnvalda.

Sem liður í undirbúningi var einnig horft til annarra funda af svipaðri stærðargráðu og skipulag þeirra greint, svo sem fundar aðildarríkja Norðurskautsráðsins í maí 2021, utanríkisráðherrafundar Atlantshafsbandalagsins árið 2002 og leiðtogafundarins í Höfða 1986. Fjölmargir fundir voru haldnir með yfirstjórn Evrópuráðsins og prótocol-skrifstofu þess.

„Þessi leiðtogafundur er stærsti alþjóðlegi viðburður sem Ísland hefur tekist á hendur. Fjöldi fólks hefur tekið þátt í undirbúningnum til að fundurinn geti gengið sem best fyrir sig. Við munum öll leggja okkar af mörkum til að fundurinn megi verða árangursríkur fyrir Evrópu alla.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA Á STJÓRNARRÁÐSVEFNUM
UM LEIÐTOGAFUND EVRÓPURÁÐSINS, 12. MAÍ 2023


Mannauður: Allir upp á dekk

Mannauður reyndist algjör lykilþáttur í undirbúningi og framkvæmd leiðtogafundarins. Skipulagning og framkvæmd hans krafðist umtalsverðs vinnuframlags, lipurðar, sveigjanleika, þjónustulundar og samvinnuvilja, enda stór hluti starfsfólks í nýjum hlutverkum.

Í upphafi formlegs undirbúnings fyrir leiðtogafundinn var skipulagsteymi sett á laggirnar innan utanríkisráðuneytisins.

Þegar leið á undirbúning fundarins var reynt að bregðast við með tilfærslum starfsfólks innan ráðuneytisins og beiðni um liðsauka til annarra ráðuneyta.

Alls voru 73 tengiliðir skipaðir fyrir 65 sendinefndir. Hlutverk tengiliða var að sjá um öll





samskipti við sendinefndir, veita þeim reglulegar upplýsingar tengdar fundinum, annast móttöku sendinefnda og fylgja þeim á flugvöll ásamt því að fylgja þeim meðan á fundi stóð. Til þess að tryggja samstöðu og samræmi í vinnubrögðum voru haldnir reglulegir vinnufundir með tengiliðum, farnar undanfarafærðir í Hörpu og á flugvöllina ásamt þjálfun með skipulagsteyminu og lögreglunni.

Mönnun verkefnisins gekk upp og liðsinni úr öðrum ráðuneytum reyndist mikilvægt, bæði fyrir hlutverk tengiliða og upplýsingamálin. Við upphaf fundarins voru allir sem vettlingi gátu valdið á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins í Reykjavík með hlutverk fyrir fundinn og sumir með fleiri en eitt. Ekki er því hægt að meta af nákvæmni þann fjölda vinnustunda sem varið var til fundarins.



Fjöldi undanfarafærða í Hörpu bæði fyrir tengiliði og sendinefndir.



Tengiliðir sendinefnda við opnun leiðtoga-fundarins.



Reglulegir samráðsfundir og undirbúningur sendinefnda

Samhæfingarfundir á milli utanríkisráðuneytisins, forsætisráðuneytisins, ráðstefnu-fyrirtækisins SENU, embættis ríkislögreglustjóra og lögreglunnar hófust í nóvember 2022 og voru haldnir á tveggja vikna fresti frá janúar 2023, en vikulega síðasta mánuðinn fyrir leiðtogafund. Formlegir samhæfingarfundir urðu að lokum 16 talsins.


Utanríkisráðuneytið bauð einnig erlendum sendinefndum að koma í undanfaraferðir en þar gafst þeim færi á að kynna sér aðstæður í Hörpu, á flugvöllunum og á því hóteli sem sendinefndin myndi gista meðan á leiðtogafundinum stæði. Undanfaraferðir voru farnar á skipulögðum dögum í mars, apríl og maí 2023.

LEIÐTOGAFUNDUR SEM ÍSLAND GETUR VERIÐ STOLT AF

Leiðtogafundurinn fór fram í Hörpu og hófst með formlegri opunarathöfn þar sem forsætisráðherra flutti opunarávarp og Volodymyr Zelensky, forseti Úkraínu, flutti ávarp í gegnum fjarfundarbúnað. Þá fluttu ávörp Emmanuel Macron, forseti Frakklands, Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, Giorgia Meloni, forsætisráðherra Ítalíu, Rishi Sunak, forsætisráðherra Bretlands, Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og Marija Buric, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins. Í lok athafnarinnar lék Víkingur Heiðar Ólafsson Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns.



Utanríkisráðherra tekur á móti forsætisráðherra Úkraínu.





Á BAKVIÐ TJÖLDIN





TVÍHLIÐA FUNDIR

130–140



Formlegir tvíhliða fundir auk fjölda óformlegra.

29



Formlegir fundir íslenskra ráðamanna.

25



Fundarherbergi fyrir tvíhliða fundi.

„Við stöndum frammi fyrir risavöxnum áskorunum sem allar geta haft áhrif á grundvallarmannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Aukinn ójöfnuður, tæknibreytingar í veldisvexti og loftslagsváin eru allar sama marki brenndar hvað þetta varðar. Á sama tíma horfum við upp á útbreitt bakslag í réttindum kvenna, jafnrétti og réttindum hinsegin fólks. Lýðræðisleg stjórnskipan er ekki eitthvað sem hægt er að taka sem sjálfsögðum hlut heldur þarf samfélagsgerð sem hlúir að lýðræðinu sjálfu og við þurfum að setja endurnýjaðan kraft í mannréttindabaráttu fyrir okkur öll þar sem enginn er skilinn eftir.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR FORSÆTISRÁÐHERRA Í OPNUNARÁVARPI
SÍNU Á LEIÐTOGAFUNDINUM, 16. MAÍ 2023.

Áður en athöfnin hófst bauð forseti Íslands gestina velkomna í móttöku sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra, sem forseti ráðherranefndar Evrópuráðsins, efndu til.

Í kjölfar opunarinnar fóru fram samhliða fimm hringborðsumræður leiðtoga um málefni sem tengdust niðurstöðuskjali fundarins, þar með talið um ábyrgðarskyldu fyrir Úkraínu, leiðir til að bregðast við núverandi og komandi áskorunum og mikilvægi aukinnar samstöðu um lýðræði.

Í lok dags fór fram lokaður vinnukvöldverður leiðtoga sem var tileinkaður Úkraínu. Bæði vinnukvöldverðurinn og hringborðsumræðurnar voru viðleitni til að brjóta upp hefðbundið fundaform á leiðtogafundum og skapa rými fyrir hreinskiptnar umræður og opin samtöl milli leiðtoganna, sem vel var tekið.

Almennar umræður þar sem fulltrúar ríkja og alþjóðastofnana fluttu formlegar ræður fóru fram að morgni síðari fundardagsins og í kjölfarið bauð framkvæmdastjóri Evrópuráðsins til hádegisverðar.



Forsætisráðherra og aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins tóku á móti leiðtogum.

Opnunarávarp forsætisráðherra.



Leiðtogafundinum lauk þegar Ísland afhenti Lettlandi formenskukeflið með formlegum hætti. Í kjölfarið var haldinn blaðamannafundur með forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands, utanríkisráðherra Lettlands, forsætisráðherra Úkraínu og framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

Dagskrá fundarins má finna sem fylgiskjal við þessa skýrslu.

Samhliða leiðtogafundinum fundaði stjórnarnefnd Evrópuráðsþingsins í Reykjavík þann 15. maí, en slíkur fundur hafði ekki áður verið haldinn samhliða leiðtogafundi. Alþingi var gestgjafi fundarins og buðu forseti Alþingis og utanríkisráðherra fundargestum til kvöldverðar sama kvöld.

Jafnframt fundaði héraðs- og sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins í Ráðhúsinu í Reykjavík þann sama dag, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga.



Forseti Íslands
bauð gesti vel-
komna.



Ávarp forseta
Úkraínu.

Almennar
umræður leið-
togafundarins.



FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu



Fimm hring-
borðsumræður
leiðtoga áttu sér
stað um málefni
sem tengdust
niðurstöðuskjali
fundarins.





Á báðum fundum var ályktað um mikilvægi leiðtogafundarins og á fundi stjórnarnefndar þingsins var samþykkt ákvörðun um að koma á fót nýjum árlegum alþjóðlegum jafnréttis-
verðlaunum í nafni Vigdísar Finnbogadóttur, Vigdís Prize for Women's Empowerment sem
áður hefur verið fjallað um í þessari skýrslu.







Umfjöllun um fundinn og umsagnir þátttakenda



””

... This is a historical result.

Thank you all.

VOLODYMYR ZELENSKY, FORSETI
ÚKRAÍNU, Í ÁVARPI SÍNU Á LEIÐTOGA-
FUNDI EVRÓPURÁÐSINS UM MIKIL-
VÆGI TJÓNASKRÁARINNAR / AP

““

””

... When we think in terms of reconstruction, it's an enormously important judicial element to have this register of damages to give justice to the victims.

VOLODYMYR ZELENSKY, FORSETI ÚKRAÍNU,
Í ÁVARPI SÍNU Á LEIÐTOGAFUNDI EVRÓPURÁÐSINS
UM MIKILVÆGI TJÓNASKRÁARINNAR / AP

““

””

... This Reykjavik Summit shows clearly that Putin has failed with his calculations – he wanted to divide Europe and has achieved the opposite, said German Chancellor Olaf Scholz. We stand closer together in Europe than ever before.

OLAF SCHOLZ, ÞÝSKALANDSKANSLARI / AP

““

””

... In a Europe in democratic crisis, Reykjavik Summit will be "crucial" for European Court of Human Rights.

FRÉDÉRIC KRENC, DÓMARI VIÐ
MANNRÉTTINDADÓMSTÓL EVRÓPU /
LA LIBRE BELGIQUE

““

””

... this is the right moment for European leaders to give a firm recommitment to the values and standards that underpin the Council of Europe.

MARIJA PEJČINOVIĆ BURIĆ, FRAMKVÆMDASTJÓRI
EVROPURÁÐSINS / HINA, N1 INFO

““

””

... On Tuesday, the Council of Europe created a register of damage caused by Russia's aggression against Ukraine ... leading the way in supporting the victims of this aggression.

EMMANUEL MACRON, FORSETI
FRAKKLANDS / SUD OUEST

““



FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu



Íslensk náttúra var færð inn í Hörpu.





HÖNNUN OG ÚTLIT

Í undirbúningi fundarins var haft samráð við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs vegna mögulegra hönnuða sem gætu tekið að sér hönnun og útlit fundarins en að lokum varð fyrir valinu hönnunarteymi undir forystu Tönju Huldar Leví Guðmundsdóttur og Jökuls Jónssonar.

Leitast var við að færa íslenska náttúru inn í Hörpu til þess að veita þátttakendum einstaka upplifun af Íslandi þrátt fyrir að fundurinn væri innandyrna og flestir gestanna hefðu hér stutta viðkomu. Borðskreytingar voru í umsjón Melkorku Bjartmarz og Erlu Óskar Sævarsdóttur í samvinnu við hönnunarteymið.

Sjálfbærni var höfð að leiðarljósi í allri framsetningu. Skúlptúrar voru gerðir úr íslenskum plöntum í samvinnu við gróðrarstöðvar og áhersla lögð á að kynna íslenskar hönnunarvörur. Mest var notað af húsgögnum í eigu Hörpu en einnig voru húsgögn og hönnunarvörur fengnar að láni frá ýmsum fyrirtækjum, hönnuðum og listamönnum. Háskóli Íslands lánaði nokkurn fjölda Kjarvalsstóla eftir Svein Kjarval, FÓLK Reykjavík lánaði sófa og hægindastóla sem eru endurútgáfur af hönnun Gunnars Magnússonar og listamaðurinn Loji Höskuldsson lánaði útsaumaðan sófa sem hann gerði fyrir danska hönnunarfyrirtækið Hay.

Mikil áhersla var lögð á samræmt útlit formenskunnar og leiðtogafundarins við góðar undirtektir. Ragnar Helgi Ólafsson sá um grafíska hönnun formennsku Íslands í Evrópuráðinu og vegna leiðtogafundarins í góðu samstarfi við fyrrnefnt hönnunarteymi.

VIÐBURÐIR UTAN FORMLEGRAR DAGSKRÁR

Á listrænni dagskrá leiðtogafundarins var meðal annars strengjasveit frá Sinfóníuhljóm-sveit Íslands sem spilaði þegar leiðtogar komu í hús. Undir lok opunar fundarins í Eldborg lék Víkingur Heiðar Ólafsson Ave Maria eftir Sigvalda Kaldalóns sem hann tileinkaði úkraínsku þjóðinni.



Jafnframt var boðið upp á lifandi djasstónlist við upphaf kvöldverðar leiðtoga og aðgang að sýningunni Hringáttu í Hörpu sem er gagnvirk upplifunarsýning innblásin af íslenskrí náttúru með tónlist eftir Högna Egilsson. Þá gátu gestir kynnt sér og keypt íslenska hönnun og myndlist í Rammagerðinni og Listvali. Áhersla var lögð á að kynna íslenska tónlist sem komið var á framfæri við sem flest tilefni. Þá var lagalisti Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar hluti af gjöfum til sendinefnda.


Viðburðir utan hefðbundinnar dagskrár gáfu fyrirtækjum kost á að kynna starfsemi sína. Þátttakendum bauðst meðal annars að fara í ferð upp á Hellisheiði til að kynna sér endurnýjanlega orku og kolefnisbindingu á Íslandi eftir að formlegri dagskrá lauk 17. maí.

Fyrsti hluti ferðarinnar var í Hellisheiðarvirkjun þar sem Orka náttúrunnar og Carbfix kynntu sína starfsemi og farið var að niðurdælingarholu Carbfix. Eftir það var haldið aftur til Reykjavíkur í Grósku en þar buðu Green by Iceland og Íslandsstofa til móttöku. Þangað komu einnig fulltrúar frá jarðhitageiranum, OR, Landsvirkjun, HS Orku, CRI og Carbfix, og áttu kost á því að ræða frekari samstarfsmöguleika á þessu sviði.



Á BAKVIÐ TJÖLDIN







GJÖF ÍSLANDS TIL EVRÓPURÁÐSINS VEGNA LEIÐTOGAFUNDARINS

Í tilefni af leiðtogafundinum gaf Ísland ráðherranefnd Evrópuráðsins fundarhamar sem útskorinn var af listakonunni Sigríði Kristjánsdóttur, Siggu á Grund, og verður hann notaður til að stýra fundum nefndarinnar hér eftir. Fyrirmynd hamarsins er frægur fundarhamar Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara sem upprunalega var gefinn Sameinuðu þjóðunum árið 1952 þegar nýjar höfuðstöðvar stofnunarinnar í New York voru teknar í notkun.

Efniviður Sigríðar í verkið var gamall peruviður. Fyrir upprunalegt verk sitt, sem stundum er kallað Ásmundarnautur, valdi Ásmundur Sveinsson þemað „Bæn víkingsins fyrir friði“. Þegar vel er að gáð sést að hamarshöfuðið er stílfærður víkingur með spenntar greipar fyrir brjósti sér.

„Þemað var einkar viðeigandi á sínum tíma þar sem hamarinn er helgaður því höfuðhlutverki Sameinuðu þjóðanna að vernda heimsfrið. Fundarhamar hefur það hlutverk að koma röð og reglu á fundarhöld og allir þurfa að hlíta honum, bæði fulltrúar stórra og smárra ríkja. Það á ekki síður við nú á tímum þegar stríð geisar í Evrópu. Það er fallett að þarna liggja víkingur á bæn um frið því við trúum því að allar manneskjur þrái helst frið og farsæld.“

ÞÓRDÍS KOLBRÚN REYKJFJÖRÐ GYLFADÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA
UM GJÖF ÍSLANDS TIL EVRÓPURÁÐSINS, 12. MAÍ 2023

Hamarinn hvílir á litlum stokki sem er holur að innan og þar má hver formennska koma fyrir góðum skilaboðum til næstu formennsku. Á hamarinn er lettrað á latínu og íslensku: Legibus gentes moderandae sunt – Með lögum skal land byggja.

REYKJAVÍKURYFIRLÝSINGIN SAMÞYKKT

Á leiðtogafundinum samþykktu leiðtogar Evrópu Reykjavíkuryfirlýsinguna (Reykjavik Declaration) eftir mikla vinnu á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg undir forystu Íslands.

Reykjavíkuryfirlýsingin er efnisleg niðurstaða fundarins, þar sem leiðtogar Evrópu sameinast um sýn á það hvernig Evrópuráðið skuli takast á við helstu áskoranir í nútíð og framtíð. Í yfirlýsingunni er meðal annars staðfest mikilvæg samstaða Evrópuríkja um gildi ráðsins og stuðning við Úkraínu, og söguleg stofnsetning sérstakrar tjónaskrár fyrir Úkraínu.

Einnig voru samþykkt sérstök fylgiskjöl Reykjavíkuryfirlýsingarinnar sem fjölluðu um stuðning við úkraínsk börn, mikilvægi eftirfylgni og innleiðingar dóma Mannréttinda-dómstóls Evrópu, aukna samstöðu um lýðræði til að vinna gegn lýðræðislegu bakslagi

Utanríkisráð-
herra afhendir
gjöf Íslands til
Evrópuráðsins
utanríkisráðherra
Lettlands.



FORMENNISKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu



Forsætisráð-
herra undirritar
stofnsamning
tjónaskrár fyrir
Úkraínu.



Forsætisráðherra
stýrði almennum
umræðum leiðtoga-
fundarins.



(Reykjavik Principles of Democracy) og yfirlýsing um tengsl mannréttinda og umhverfismála. Þá var samþykkt að styrkja Evrópuráðið sem málsvara grunngilda Evrópuríkja og auka samstarf ráðsins við mikilvæga samstarfsaðila sem deila þeim gildum, þar með talið lýðræðisöfl í Belarús.



THE REYKJAVÍK DECLARATION WAS THE MAIN OUTCOME OF THE SUMMIT AND CAN BE SUMMARIZED AROUND FOUR THEMES

UNITED FOR UKRAINE AND ACCOUNTABILITY

First and foremost, the Declaration expressed full support for Ukraine and its people, for as long as it takes, and welcomed ongoing international efforts to establish accountability for the Russian aggression against Ukraine, including a special tribunal for the crime of aggression to prosecute the political and military leadership of the Russian Federation.

As a main deliverable towards ensuring accountability for the crimes committed, an Enlarged Partial Agreement on the Register of Damage Caused by the Aggression of the Russian Federation Against Ukraine was established at the Reykjavík Summit, to record evidence and claims information on damage, loss or injury. The Register is intended to constitute the first component of a future international comprehensive compensation mechanism, which may include a claims commission and compensation fund.

Attention was also paid to the situation of the children of Ukraine, in particular those forcibly transferred or unlawfully deported by the Russian Federation.

UNITED AROUND OUR VALUES

Second, the Declaration lays out a clear and strong recommitment to the fundamental values at the core of our European societies, human rights, democracy and rule of law. This includes decisions to strengthen the commitment of member States to the European Court of Human Rights and in particular the execution of its judgements, engagement with democratic actors in Belarus and Russia as well as for the rule of law and social rights. Last but not least the Reykjavík Principles for Democracy, are a commitment to promote, protect and strengthen democracy throughout Europe in times of democratic backsliding.

UNITED TO MEET CURRENT AND FUTURE CHALLENGES

Third, the Declaration sets out to revitalize the Council of Europe and make it fit to address new and emerging challenges. This includes a stronger, more efficient Organization, prioritizing action related standards on artificial intelligence and strengthening work towards inclusive societies free from marginalisation, exclusion, racism and intolerance. Most notably, the Council of Europe is set on a new path when it comes to human rights and the environment by initiating the “Reykjavík process” with the aim of making the environment a visible priority for the Organization.

UNITED IN OUR VISION FOR THE COUNCIL OF EUROPE

Finally, the Declaration lays out steps to strengthen the Organization, setting it on a new path of increased transparency and co-operation with its stakeholders, an Organization that is more agile, resilient and results-oriented, with an enhanced external cooperation and engagement based on its core values with its observers and democracies in the world.

Most notably, the important accomplishment of the finalization of the provisional agreement of the accession of the European Union to the European Convention on Human Rights was warmly welcomed, as it will set the relations between the Council of Europe and the European Union on a new path of reinforced co-operation.



Forsætisráðherra Úkraínu undirritar stofnsamning tjónaskrár fyrir Úkraínu.

TJÓNASKRÁ FÜRIR ÚKRAÍNU

Strax í upphafi formennskunnar setti Ísland sér það markmið að vinna með Evrópuráðinu að því að koma á fót sérstakri tjónaskrá (Register of Damage) fyrir Úkraínu sem tæki til eignaskemmda, manntjóns og alvarlegs líkamstjóns í stríði Rússlands í Úkraínu.

Leiðtogafundurinn gaf settu markmiði byr undir báða vængi. Samningur um stofnun tjónaskrár var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins fyrir leiðtogafundinn og var í kjölfarið virkjaður á leiðtogafundinum í Reykjavík með undirritun leiðtoga.

Evrópuráðið lýsti sig reiðubúið til að halda utan um slíka tjónaskrá og nýta þannig sérfræðipækkingu á vegum stofnunarinnar, sérstaklega hjá Mannréttindadómstólum. Hollensk stjórnvöld lýstu í kjölfarið yfir áhuga á því að hýsa tjónaskrána í Haag enda um að ræða málefni nátengt Alþjóðlega sakamáladómstólum sem er staðsettur þar í borg.

Tjónaskráin, sem stofnuð var á grundvelli samnings áhugasamra Evrópuráðsríkja og annarra ríkja, er afar mikilvægt skref í átt að ábyrgðarskyldu og réttlæti fyrir þá einstaklinga sem orðið hafa fyrir tjóni vegna innrásar Rússlands í Úkraínu.

Upphaflega var talið að það tæki aðildarríki Evrópuráðsins allt að þrjú ár að koma sér saman um stofnsetningu tjónaskrárinnar en í formennskutíð Íslands tókst að framkvæma ferlið á þremur mánuðum. Það má því færa fyrir því rök að sú samstaða sem náðist um að stofna til tjónaskrár, semja stofnsáttmála hennar og vinna henni jafnmikið fylgi og raun ber vitni á svo skömmum tíma hafi verið töluvert afrek í alþjóðasamvinnu.

Fyrsta stjórn tjónaskrárinnar var kjörin í nóvember 2023 en hún samanstendur af sjö reyndum sérfræðingum. Samkvæmt stofnsamningi um tjónaskrána átti Úkraína fyrirfram eitt sæti í stjórninni en sextán frambjóðendur frá fjórum heimsálfum kepptu um hin sex sætin. Frambjóðandi Íslands, Róbert Spanó, hlaut afar góða kosningu og var á fyrsta fundi stjórnarinnar í Haag þann 11. desember jafnframt kjörinn formaður stjórnar tjónaskrárinnar. Auk hans hlutu frambjóðendur Þýskalands, Ítalíu, Bandaríkjana, Póllands og Finnlands kjör.

Tjónaskráin tók síðan við sinni fyrstu skráningu við athöfn sem dómsmálaráðherra Íslands sótti í Haag 2. apríl 2024.







MYNDIR FRÁ LEIÐTOGAFUNDINUM





Náðust markmið formennskunnar og leiðtogafundarins?

Það er mat utanríkisráðuneytisins að þegar á heildina er litið hafi vel tekist að ná settum markmiðum formennsku Íslands í Evrópuráðinu og leiðtogafundarins. Hægt er að sjá innleiðingu markmiða formennsku Íslands í fylgiskjali 3 við þessa skýrslu.

Fyrst og fremst var það sögulegt að leiðtogar Evrópuráðsins hafi komið saman í fyrsta skipti í nærri tuttugu ár til að áréttta þau sameiginlegu gildi sem Evrópuráðið hvílir á, réttarríkið, lýðræði og mannréttindi, sem var helsta markmið Íslands í formennsku í Evrópuráðinu. Leiðtogafundurinn var afar vel sóttur sem sýndi samstöðu og vilja Evrópuríkja til að koma saman á þessum tíma.

Leiðtogarnir sendu Úkraínu mikilvæg skilaboð á fundinum um samstöðu og er stofnsetning sérstakrar tjónaskrár fyrir Úkraínu söguleg. Samtals 44 aðildarríki, áheyrnaraðilar og stofnanir undirrituðu samning um stofnsetningu hennar á fundinum sjálfum.

Reykjavíkuryfirlýsingin þótti líka efnismikil og sterk. Í henni var áréttuð samstaða um sameiginleg gildi og fjallað um hvernig Evrópuráðið skuli nú starfa til að vinna þeim framgang, sem og hvernig takast eigi á við áskoranir samtímans og framtíðar, meðal annars í ljósi nýrrar framtíðarsýnar fyrir Evrópuráðið sem sett var fram á fundinum.

Mikil ánægja var með framkvæmd, þátttöku og niðurstöðu leiðtogafundarins á vettvangi Evrópuráðsins og í kjölfar hans komu fulltrúar aðildarríkja því á framfæri að fundurinn hafi gengið einstaklega vel fyrir sig, bæði út frá framkvæmd fundarins og efnislegri niðurstöðu hans.

Í ljósi þessa má segja að árangur fundarins hafi verið framar björtustu vonum, þar sem Reykjavíkuryfirlýsingin endurspeglar mikla samstöðu aðildarríkja um merkingarbærar niðurstöður og haldbærar aðgerðir á þeim málefnasviðum sem fundurinn náði yfir.



„Þessi merki leiðtogafundur markar lok formennsku Íslands í Evrópuráðinu. Við höfum lagt okkur fram um að rækja það hlutverk af þeirri trúmennsku og alúð sem það verðskuldar. Í formennskutíð Íslands hefur ríkt eindrægni um aðgerðir í þágu Úkraínu. Tjónaskráin vegna innrásar Rússlands sem samþykkt hefur verið að setja á fót er áþreifanlegt framlag ráðsins sem Ísland hefur verið í forystu um. Mikilvægast í mínum huga er að með því að taka að okkur verkefni sem þessi erum við að leggja af mörkum raunverulegt framlag sem stuðlað getur að bættum heimi.“

ÞÓRDÍS KOLBRÚN REYKJFJÖRÐ GYLFADÓTTIR, UTANRÍKISRÁÐHERRA,
Í FRÉTTATILKYNNINGU Á STJÓRNARRÁÐSVEFNUM UM LOK LEIÐTOGAFUNDAR
OG FORMENNSKU ÍSLANDS Í EVRÓPURÁÐINU, 16. MAÍ 2023

Framkvæmd fundarins tókst einnig vel þó að mikið hafi reynt á aðlögunarhæfni og drifkraft allra þeirra sem að honum komu. Fundurinn kallaði á náð samstarf og samhæfingu ráðuneytisins við fjölmarga aðila, innan sem utan stjórnkerfisins. Þétt samstarf í kringum fundinn tókst með ágætum.

Endurgjöf þátttökuríkja var með eindæmum góð þar sem margir lýstu undrun sinni yfir því að smáríki sem Ísland hefði burði til að sinna gestgjafahlutverki á slíkum viðburði og að reynsla þeirra af fundinum hefði verið einstaklega jákvæð.

SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR SEM HLUTI AF REYKJAVÍKURYFIRLÝSINGUNNI:

- (I) Yfirlýsing um stuðning við úkraínsk börn
- (II) Yfirlýsing um eftirfylgni með dómum Mannréttinda-dómstóls Evrópu
- (III) Yfirlýsing um meginreglur um lýðræði til að vinna gegn lýðræðislegu bakslagi
- (IV) Yfirlýsing um tengsl mannréttinda og umhverfismála



Markviss vinna við innleiðingu Reykjavíkuryfirlýsingarinnar fer nú fram á vettvangi Evrópuráðsins í kjölfar leiðtogafundarins. Ráðherranefndin hefur í samræmi við Reykjavíkuryfirlýsinguna samþykkt skipulagsbreytingar á sviði lýðræðismála til þess að efla þau og innleiða lýðræðisreglur Evrópuráðsins með það að markmiði að vinna gegn lýðræðislegu bakslagi. Þá hefur skipulagi Evrópuráðsins á sviði umhverfis- og mannréttindamála verið breytt og það samræmt með það að markmiði að auka skilvirkni. Er það einnig gert með tilvísun í samþykkt leiðtogafundarins um Reykjavíkurfirlið (the Reykjavík Process). Þá tóku forseti Íslands og félags- og vinnumarkaðsráðherra þátt í fyrstu afhendingu alþjóðlegra jafnréttisverðlauna í nafni Vigdísar Finnbogadóttur á þingfundalotu Evrópuráðsþingsins í júní 2024, þar sem verðlaunahafi var valinn úr 123 tilnefningum frá öllum heimshlutum.

Fleiri breytingar eru nú til umfjöllunar á vettvangi Evrópuráðsins í kjölfar leiðtogafundarins og er í raun fjallað um innleiðingu og áhrif ákvarðana Reykjavíkurfundarins á nánast öllum sviðum Evrópuráðsins um þessar mundir. Efni Reykjavíkuryfirlýsingarinnar og viðaukar hennar voru til að mynda helsta umræðuefni ráðherrafundar Evrópuráðsins sem fór fram undir formennsku Liechtenstein í maí 2024.



Lokaorð

Hér að framan er framganga Íslands sem formennskuríki í Evrópuráðinu reifuð og tilraun gerð til að leggja mat á árangurinn og þá sérstaklega hvort þau markmið sem sett voru í upphafi hafi náðst.

Enn fremur er farið yfir hvernig það kom til að það féll í hendur Íslands að bjóða til fjórða leiðtogafundar Evrópuráðsins. Þá er gerð grein fyrir veigamiklum undirbúningi leiðtogafundarins ásamt efnislegum niðurstöðum hans.

Í gegnum alla formenskuna og í umræðum og niðurstöðum leiðtogafundarins var áhersla lögð á að auka samstöðu um grunnildi Evrópuráðsins, mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, enda tók Ísland við formensku í ráðinu aðeins nokkrum mánuðum eftir að allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu hófst.

Jafnréttismálum var einnig gert hátt undir höfði, sérstaklega í ljósi leiðandi hlutverks Íslands í þeim málaflokki á alþjóðavísu. Í formenskunni var einnig talað fyrir réttindum hinsegin fólks á skýrari hátt en hefur jafnan tíðkast í orðræðu formennskuríkis í Evrópuráðinu. Réttindum barna og ungmenna var lyft upp sérstaklega og markmið formenskuunnar um að kynna mikilvægi samþættrar þjónustu fyrir börn og hið íslenska Barnahús fyrir aðildarríkjum tókst með ágætum.

Yfirlýstu markmiði formensku Íslands um að leiðtogafundurinn myndi hafa raunverulega þýðingu fyrir Úkraínu tókst með stofnsetningu tjonaskrárinnar sem er nú starfrækt í Haag. Þá er hægt að færa fyrir því rök að smáríki sem Ísland hafi heilmikið til málanna að leggja er varðar mikilvægi samstöðu Evrópu um grunnildin mannréttindi, lýðræði og réttarríkið, enda eigi Ísland allt undir því að alþjóðalög séu virt.



Reykjavíkurfirlýsingin var samþykkt við lok leiðtogafundar

Þótt að um eitt umfangsmesta verkefni utanríkisþjónustunnar hafi verið að ræða, sýndi það sig að með nægum undirbúningi og góðum mannauð gátu stjórnvöld vel staðið undir þeirri ábyrgð sem Íslandi var falin.

Þegar á heildina er litið er niðurstaðan því sú að formennska Íslands í Evrópuráðinu sem lauk með leiðtogafundi ráðsins í maí 2023 hafi verið Íslandi til vegsauka, styrkt stöðu landsins á alþjóðavettvangi og sýnt að oftast en ekki getur smæðin verið styrkleiki Íslands í alþjóðasamstarfi.

Vert er að ljúka þessum kafla í sögu íslensku utanríkisþjónustunnar með þeim orðum utanríkisráðherra að „Íslendingar gætu verið stoltir af því að hafa verið falið að vera í slíku leiðandi hlutverki á alþjóðavettvangi. Þá skipti það Ísland máli – og sé sögulegt – að undirstrika að fámennið og fjarlægðin geti nýst sem styrkur til þess að framkvæma með sóma vandasöm verkefni. Með því að taka að sér og leysa vel úr slíkum leiðandi hlutverkum sé það skýrt að Ísland geti nýtt rödd sína til góðs sem skilar sér bæði fyrir hagsmuni þjóðar og hugsjónir.“

12. KAFLI

Fylgiskjöl

FYLGISKJAL 1

FORMENNSKUDAGSKRÁ ÍSLANDS
Í EVRÓPURÁÐINU (IS)



ÍSLAND Í FORMENNSKU | Evrópuráðið | Nóvember 2022 – maí 2023

Formennska Íslands í Evrópuráðinu

ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR
Nóvember 2022 – maí 2023



Ísland gegnir formennsku í helstu stofnun Evrópu á sviði mannréttinda, lýðræðis og réttarríkisins – Evrópuráðinu – frá nóvember 2022 til maí 2023. Ísland varð aðili að ráðinu árið 1950 og er þetta í þriðja sinn sem Ísland gegnir formennsku í Evrópuráðinu. Formennskunni lýkur með leiðtogafundi í Reykjavík.

EFNISYFIRLIT


Áherslur og aðgerðir á formennskutímabili Íslands í Evrópuráðinu	3
Lýðræði, réttarríki og mannréttindi	5
Umhverfismál og mannréttindi	8
Réttindi barna og ungmenna	9
Jafnrétti	11
Leiðtogafundur Evrópuráðsins á Íslandi	13





Áherslur og aðgerðir á formennsku- tímabilinu

46 ríki með um 700 milljónir íbúa eiga aðild að Evrópuráðinu (e. *Council of Europe, CoE*). Markmið ráðsins er að standa vörð um mannréttindi, lýðræðislega stjórnarhætti og réttarríki í álfunni, og jafnframt að efla lífsgæði Evrópubúa. Evrópuráðið var sett á fót í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, m.a. með það að markmiði að stuðla að stöðugleika og koma í veg fyrir annað stríð í álfunni. Evrópuráðið vinnur á grundvelli alþjóðasamninga sem gerðir eru á vettvangi ráðsins. Ráðið vinnur m.a. að mannréttindamálum, lýðræðismálum, réttarfarsmálum, jafnrétti, tjáningarfrelsi, umhverfismálum, sveitarstjórnarmálum og mennta- og menningarmálum. Evrópuráðið hefur staðið að gerð um 200 alþjóðasamninga á ýmsum sviðum sem hafa jafnframt haft áhrif í öðrum heimshlutum. Mannréttindadómstóll Evrópu, sem er ein af lykilstofnunum á sviði mannréttinda í heiminum, framfylgir mannréttinda-sáttmála Evrópu.





FORMENNSKUTÍMABIL ÍSLANDS



Formennska Íslands í Evrópuráðinu hefst í nóvember 2022 með opunarviðburði í höfuðstöðvunum í Strassborg sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra sækja. Fastafulltrúi Íslands í Strassborg tók sæti í yfirstjórn ráðsins í maí 2021 en á formennskutímanum stýrir fastafulltrúinn starfi yfirstjórnarinnar og fundum ráðherra-nefndarinnar í Strassborg. Formennskunni lýkur formlega í maí 2023 með leiðtogafundi í Reykjavík undir stjórn forsætis- og utanríkisráðherra. Um er að ræða fjórða leiðtogafund Evrópuráðsins frá upphafi. Hann verður fjölmennasti leiðtogafundur og ráðherrafundur sem haldinn hefur verið á Íslandi.

Formennska í Evrópuráðinu er umfangsmikið og metnaðarfullt verkefni. Helsta markmið formennsku Íslands verður að efla grundvallargildi Evrópuráðsins; **lýðræði, réttarríkið og mannréttindi**. Þessi gildi hafa átt undir högg að sækja sem birtist ekki síst í innrás Rússlands í Úkraínu. Formennskan miðar að því að styrkja Evrópuráðið sem sterka og opna alþjóðastofnun sem berst fyrir þessum grundvallargildum. Þar að auki verður í formennsku Íslands lögð sérstök áhersla á **umhverfismál, réttindi barna og ungmenna** og **jafnrétti**. Síðast en ekki síst gefst tækifæri til að kynna íslenska menningu, listir og atvinnulíf á formennskutímabilinu.



Lýðræði, réttarríki og mannréttindi

MARKMIÐ	Sterkt og opið Evrópuráð sem vinnur að framgangi grundvallargilda ráðsins – lýðræðis, mannréttinda og réttarríkis
7.-9. NÓVEMBER 2022 STRASSBORG	<p>Forsætisráðherra og utanríkisráðherra sækja lýðræðisráðstefnu Evrópuráðsins, World Forum for Democracy, þar sem leiðtogar, sérfræðingar, aðgerðasinnar og frjáls félagasamtök ræða lausnir við helstu ógnum sem steðja að lýðræði og grundvallar-mannréttindum í nútímasamfélögum. Sérstakur ungmenna-fulltrúi Íslands tekur einnig þátt í ráðstefnunni.</p> <p>Ísland tekur formlega við formennsku í Evrópuráðinu af Írlandi á lýðræðisráðstefnu Evrópuráðsins og er það gert til að undirstrika áherslu Íslands á lýðræðisleg gildi.</p>
77. ALLSHERJAR-ÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA 2022-2023 NEW YORK	<p>Ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um samstarf við Evrópuráðið kemur til afgreiðslu í New York.</p> <p>Fastanefndir Íslands og Írlands í New York leiða samningaviðræður í samvinnu við fastanefndir ríkjanna í Strassborg. Við afgreiðslu ályktunarinnar áréttar Ísland mikilvægi samstarfs Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins fyrir mannréttindi, lýðræði og réttarríkið.</p>
24.-25. NÓVEMBER 2022 2.-3. MARS 2023 REYKJAVÍK / HAAG	<p>Á formennskutímabili Íslands fara fram tveir fundir stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins (e. <i>Parliamentary Assembly of the Council of Europe, PACE</i>).</p> <ul style="list-style-type: none"> Alþingi er gestgjafi fundar Evrópuráðsþingsins á Íslandi þar sem undirbúningur fyrir leiðtogafund verður einnig ræddur. Samhliða verður haldinn viðburður um stafrænt kynbundið ofbeldi. Gert er ráð fyrir þátttöku forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins verður haldinn í Haag. Gert er ráð fyrir þátttöku ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins á fundinum.



<p>24. NÓVEMBER 2022</p>	<p>Tvær málstofur verða haldnar á Íslandi í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu:</p> <ul style="list-style-type: none">• Mannréttindavernd á tímum áskorana og hlutverk Evrópuráðsins til framtíðar með þátttöku Mariju Pejčinović Burić, aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.• Staðan í Úkraínu og hlutverk Evrópuráðsins með þátttöku Borys Tarasyuk, fastafulltrúa Úkraínu gagnvart Evrópuráðinu og fyrrverandi utanríkisráðherra Úkraínu.
<p>9. DESEMBER 2022</p> <p>REYKJAVÍK</p>	
<p>7. NÓVEMBER 2022</p>	<p>Þrjár ráðstefnur sem snúa að framlagi Evrópuráðsins, og þá sérstaklega Mannréttindadómstóls Evrópu, til réttarríkisins í Evrópu:</p> <ul style="list-style-type: none">• Hátíðarathöfn hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, með þátttöku forsætisráðherra, í tilefni útgáfu ritsins <i>Liber Amicorum</i> til heiðurs Róbert Spanó, fráfaramandi forseta Mannréttindadómstólsins.• Ráðstefna um dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og samstarf dómstólsins og ráðherranefndar Evrópuráðsins á grundvelli 46. gr. mannréttinasáttmála Evrópu.• Ráðstefna um nálægðarregluna og framkvæmd mannréttinasáttmála Evrópu.
<p>MARS 2023</p>	
<p>APRÍL</p> <p>STRASSBORG</p>	
<p>30.-31. JANÚAR 2023</p>	<p>Alþjóðleg ráðstefna verður haldin í Strassborg um styrkingu refsiréttarkerfa til að takast á við kynþáttahatur á netinu. Ráðstefnan er haldin í tilefni 20 ára gildistíma fyrstu viðbótarbókunar við Búdapest-samning Evrópuráðsins um tölvubrot og aðra glæpi sem framdir eru á netinu.</p> <p>Utanríkisráðherra leggur áherslu á grunnildi Evrópuráðsins í ávörpum sínum sem formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins.</p> <ul style="list-style-type: none">• Utanríkisráðherra ávarpar fastaráð Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE). Þar kynnir hún áherslur Íslands og fjallar um mikilvægi samvinnu til að tryggja grundvallarmannréttindi og lýðræði í Evrópu og meðal þjóða sem eiga í samvinnu við Evrópuráðið.• Utanríkisráðherra ávarpar ráðherranefnd Evrópuráðsins í Strassborg í undirbúningi fyrir leiðtogafund Evrópuráðsins.• Utanríkisráðherra ávarpar Evrópuráðsþingið og svarar spurningum þingmanna um formennsku Íslands, leiðtogafund Evrópuráðsins og mál sem eru ofarlega á baugi.
<p>STRASSBORG</p>	
<p>JANÚAR 2023</p>	
<p>FEBRÚAR 2023</p>	
<p>APRÍL 2023</p> <p>STRASSBORG OG VÍN</p>	

<p>NÓVEMBER 2022 TIL MAÍ 2023</p> <p>STRASSBORG</p>	<p>Ísland stýrir fundum ráðherranefndar Evrópuráðsins og setur á dagskrá umræður um ýmis málefni sem tengjast grunnstoðum Evrópuráðsins, þar á meðal:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Samstarf við Sameinuðu þjóðirnar með áherslu á stuðning við Úkraínu. • Samstarf við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu með áherslu á stuðning við Úkraínu. • Afnáam dauðarefsinga. • Þátttöku og stöðu ungs fólks. • Fjölmíðlafrelsi.
<p>5. MAÍ 2023</p> <p>KRISTIANSAND NOREGI</p>	<p>Evrópsk ráðstefna um lýðræði og mannréttindi (e. <i>European Conference on Democracy and Human Rights</i>) verður haldin í fjórða sinn í samstarfi við Evrópuráðið. Þema ráðstefnunnar verður staða lýðræðis í Evrópu og hlutverk Evrópuráðsins í breyttu umhverfi alþjóðastjórn mála.</p>





Umhverfismál og mannréttindi

MARKMIÐ	Ísland kemur á framfæri mikilvægi samspils umhverfis og mannréttinda á vettvangi Evrópuráðsins og kynnir grænar áherslur Íslands
24.-28. JANÚAR 2023 STRASSBORG	Forsætisráðherra kynnir áherslur Íslands varðandi tengsl mannréttinda og umhverfismála þegar hún ávarpar Evrópuráðsþingið (PACE).
23.-24. FEBRÚAR 2023 STRASSBORG	Utanríkisráðherra ávarpar ráðgefandi samráðshóp ungs fólks um ný tilmæli Evrópuráðsins um hlutverk ungmenna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum . Viðburðurinn er skipulagður í samvinnu við ungmennadeild Evrópuráðsins.
21.-23. MARS 2023 STRASSBORG	Innviðaráðherra tekur þátt í þingi sveitar- og héraðsstjórna Evrópuráðsins (e. Congress) og ræðir umhverfismál , þ.m.t. grænar lausnir og áherslur á vettvangi sveitarfélaga. Samhliða fundinum verður haldinn viðburður um framkvæmd áhersluþátta/forgangsmála Íslands á sveitarstjórnarstigi.
26. APRÍL 2023 STRASSBORG	Utanríkisráðherra opnar alþjóðlega ráðstefnu um græn skref í ríkisrekstri , í tengslum við fund stýrinefndar Evrópuráðsins um mannréttindi og lýðræði, þar sem fjallað verður um reynslu ríkja af því að ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar grænar lausnir.
2. MAÍ 2023 STRASSBORG	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra opnar ráðstefnu Evrópuráðsins og Íslands um réttinn til hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis .
3. MAÍ 2023 STRASSBORG	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hleypir af stokkunum annarri útgáfu HELP námsefnis um samspil umhverfis og mannréttinda undir yfirskriftinni "The Environment and Human Rights."
VOR/SUMAR 2024 ÍSLAND	Fundur stjórnar þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) verður haldinn á Íslandi með sérstaka áherslu á umhverfismál .

Réttindi barna og ungmenna



MARKMIÐ	<h2>Ísland kynnir lausnir varðandi réttindi barna</h2> <p>Barnahús, samþætting þjónustu og aðgerða og þátttaka barna og ungmenna í ákvarðanatöku</p>
<p>16. NÓVEMBER 2022</p> <p>STRASSBORG</p>	<p>Mennta- og barnamálaráðherra og aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins kynna áherslu Íslands á réttindi barna og ungmenna í Evrópu í tengslum við Evrópudaginn gegn kynferðisofbeldi gegn börnum 18. nóvember:</p> <ul style="list-style-type: none">• Ráðstefnan „Barnahús um alla Evrópu“ verður haldin 16. nóvember með þátttöku sérfræðinga um barnahús til að kynna þessa íslensku lausn.• Efnt verður til móttöku fyrir sérfræðinga aðildarríkja Evrópuráðsins í málefnum barna í tilefni af þeim árangri sem náðst hefur með stofnun barnahúsa í löndum Evrópuráðsins.• Mennta- og barnamálaráðherra ávarpar einnig ráðherra-nefnd Evrópuráðsins og fastafulltrúar ríkjahóps sem styðja við barnahús flytja yfirlýsingu.
<p>31. JANÚAR – 2. FEBRÚAR 2023</p> <p>STRASSBORG</p>	<p>Ráðstefna um eftirfylgni og næstu skref í átaki Evrópuráðsins um lýðræði (e. <i>Democracy Here Democracy Now</i>) verður skipulögð í samstarfi við skrifstofu Evrópuráðsins um málefni ungs fólks.</p>
<p>27.-28. FEBRÚAR 2023</p> <p>STRASSBORG</p>	<p>Ísland skipuleggur ásamt sérstökum fulltrúa aðalframkvæmdastjóra um flóttamenn og fólksflutninga sérstakan viðburð þar sem birtar verða nýjar leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við þegar börn á flóttu hafa náð 18 ára aldri. Mennta- og barnamálaráðherra ávarpar viðburðinn í gegnum fjarfundabúnað.</p>



<p>28.-30. MARS 2023</p> <p>REYKJAVÍK</p>	<p>Fundur stýrinefndar Evrópuráðsins um réttindi barna (CDENF) verður haldinn á Íslandi og einnig ráðstefna um samhæfingu þjónustu og aðgerða í þágu barna (e. <i>Integrated child protection system to combat violence against children and providing children with access to services</i>).</p> <ul style="list-style-type: none">• Mennta- og barnamálaráðherra verður gestgjafi ráðstefnunnar.• Tækifæri gefst til að kynna nýja löggjöf Íslands um samþættingu í þágu barna, þ.m.t. mælaborð með yfirliti yfir stöðu barna og líðan (e. <i>dashboard</i>).• Markmiðið er að fleiri ríki Evrópuráðsins sjái tækifæri í að taka upp svipaða nálgun með stuðningi Evrópuráðsins.
<p>16. MAÍ 2023</p> <p>REYKJAVÍK</p>	<p>Sérstök heimsókn í Barnahús í Reykjavík í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins á Íslandi. Þar verður haldin kynning fyrir fulltrúa aðildarríkja sem hafa skuldbundið sig til að setja á fót Barnahús.</p>

Jafnrétti



MARKMIÐ	<p>Ísland kynnir aðgerðir til að styðja jafnrétti og réttindi hinsegin fólks</p> <p>þ.m.t. aðgerðir gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi og mikilvægi þess að karlar og drengir séu gerðir ábyrgir og virkir þátttakendur í baráttunni fyrir jafnrétti.</p>
8. MARS 2022	<p>Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna stóð utanríkisráðuneytið, í samstarfi við forsætisráðuneytið, fyrir málstofu um samnings-skuldbindingar Íslands vegna Istanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Sérstök áhersla var lögð á stafrænt kynferðisofbeldi og þátttöku karla og drengja í forvarnarstarfi í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.</p>
REYKJAVÍK	
25. NÓVEMBER 2022	<p>Á alþjóðlegum degi gegn kynbundnu ofbeldi hefja Ísland og Holland ásamt samstarfsríkjum 16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum með vitundarvakningu á samfélagsmiðlum. Þar fjalla 16 aðildarríki Evrópuráðsins um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.</p>
STRASSBORG REYKJAVÍK	<p>Forsætisráðherra tekur þátt í viðburði um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi á fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Reykjavík.</p>
6. DESEMBER 2022	<p>Samhliða fundi aðildarríkja Istanbúl-samningsins verður haldinn viðburður um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi sem hluti af 16 daga átaki gegn ofbeldi gegn konum. Þar verður í fyrsta sinn leitt saman starf Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum og um netglæpi.</p>
STRASSBORG	<p>Íslensku forsetahjónin taka þátt í viðburðinum í tengslum við heimsókn sína til Strassborgar.</p>



24. JANÚAR 2023 STRASSBORG	Forsætisráðherra opnar viðburð Evrópuráðsins um framsækna löggjöf um réttindi hinsegin fólks í Evrópu . Ný löggjöf Íslands um kynrænt sjálfræði verður grundvöllur umræðunnar en Ísland varð þriðja landið í Evrópu til þess að innleiða slíka löggjöf.
6.-17. MARS 2023 NEW YORK	Ísland, í samstarfi við hin norrænu ríkin, skipuleggur hliðarviðburð á fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi . Ísland og Evrópuráðið taka einnig höndum saman og skipuleggja hliðarviðburð um réttindi kvenna á flóttu.
8. MARS 2023 STRASSBORG	Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna verður nýju stafrænu dagatali Evrópuráðsins ýtt úr vör með sérstakri kynningu. Í dagatalinu verður saga þeirra sem leiddu jafnréttisbaráttuna í Evrópu í forgrunni. Forsætisráðherra flytur myndbandsávarp sem verður dreift á miðlum Evrópuráðsins þar sem aðildarríki Evrópuráðsins verða hvött til þess að vinna markvisst að jafnréttismálum.
27.-28. APRÍL 2023 STRASSBORG	Ráðstefna jafnréttisnefndar Evrópuráðsins (e. <i>Gender Equality Commission</i>) verður haldin í Strassborg með jafnréttisfulltrúum aðildarríkja ráðsins þar sem sérstaklega verður fjallað um stöðu karla og drengja í jafnréttismálum . Jafnframt verður skipulögð rakarastofuráðstefna (e. <i>Barbershop</i>) í tengslum við viðburðinn.
VIKAN 24.-28. APRÍL 2023 STRASSBORG	Í tengslum við þingfund Evrópuráðsþingsins styður Ísland hliðarviðburði og málstofur um ofbeldi og mismunun gegn hinsegin konum (LBQ) í Evrópu, í samstarfi við skrifstofu Evrópuráðsins um réttindi hinsegin fólks.
VIKAN 8.-12. MAÍ 2023 REYKJAVÍK	10. samráðsfundur IDAHOT+ Forum verður haldinn á Íslandi samhliða 31. fundi tengslanets hinsegintengiliða í Evrópu . Samráðsfundirnir fara fram árlega í tengslum við alþjóðadag gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki (IDAHOT). Um 200 þátttakendur frá aðildarríkjum sækja viðburðinn og þar er m.a. birt regnbogakort Evrópusamtaka hinsegin fólks (e. <i>ILGA Europe</i>).

16.-17. MAÍ 2023 | REYKJAVÍK

Leiðtogafundur Evrópuráðsins á Íslandi


Leiðtogafundur Evrópuráðsins verður haldinn í Reykjavík. Er það aðeins í fjórða sinn í 74 ára sögu stofnunarinnar sem leiðtogar aðildarríkja koma saman undir merkjum ráðsins. Gert er ráð fyrir að á fundinum verði samþykkt sérstök Reykjavíkuryfirlýsing (e. Reykjavik Declaration) sem vísað verður til í framhaldi leiðtogafundarins.

Tilfni fundarins er ekki síst innrás Rússlands í Úkraínu. Á fundinum verða grundvallargildi Evrópuráðsins áreittuð svo og stuðningur ráðsins við Úkraínu. Lögð verður áhersla á að styrkja starf Evrópuráðsins með grunngildi stofnunarinnar – mannréttindi, lýðræði og réttarríki – að leiðarljósi.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra Íslands eru gestgjafar fundarins en auk aðildarríkja Evrópuráðsins verður aðalframkvæmdastjórum Sameinuðu þjóðanna, ÖSE og OECD ásamt fleirum boðið að ávarpa fundinn.



FORMENNSKA ÍSLANDS
í Evrópuráðinu



FYLGISKJAL 2

FORMENNSKUDAGSKRÁ ÍSLANDS
Í EVRÓPURÁÐINU (EN)



PRESIDENCY OF ICELAND | 9 November 2022 to 17 May 2023

Priorities of the Icelandic Presidency

OF THE COMMITTEE OF MINISTERS
of the Council of Europe



United around our values

Iceland takes over the presidency of the Committee of Ministers of the Council of Europe at a critical time in history. It is a duty that we take seriously and approach with a sense of humility.

War has returned to Europe with Russia's brutal invasion in Ukraine – a blatant violation of international law. It is our common duty to make sure that the fortunes of the past decades do not lead us into dangerous complacency. We must advocate for the multilateral system at every opportunity and convince the peoples of the world, that despite its flaws, it is vastly and completely superior to any other method of resolving issues and disputes between states.

The effort of every country is needed to safeguard the multilateral system and Iceland is convinced that the Council of Europe – the *continent's* oldest and leading pan-European organization – has a critical role to play as the region's guardian of human rights, democracy, and the rule of law.

Together, we must continue to ensure that our organization is fit for purpose to meet current and future challenges as well as the expectations of future generations. We look forward to welcoming the Council's Member States to the 4th Council of Europe Summit of Heads of State and Government to “unite around our values” in Reykjavik next spring.

Our presidency will build on openness, transparency, and inclusiveness, and we look forward to working closely with all delegations and statutory bodies to promote the vision of a strong and effective Council of Europe.

Thórdís Kolbrún Reykjörd Gylfadóttir,
Minister for Foreign Affairs of Iceland



Priorities of the Icelandic Presidency

Iceland takes over the presidency of the Committee of Ministers of the Council of Europe for the third time since it became a member on 7 March 1950.

During our presidency, in addition to ensuring that the 4th Summit delivers on expectations of the Council's many stakeholders, Iceland will focus on four main themes and the interlinkages between them, namely:

1. Council of Europe core principles of human rights, democracy, and rule of law
2. Environment
3. Equality
4. Children and Youth

HUMAN RIGHTS, DEMOCRACY, AND THE RULE OF LAW: UNITED AROUND OUR VALUES

As the world faces one of the greatest challenges ever to the global peace architecture – with Russia's war of aggression against a democratic sovereign state in the heart of Europe – we must return to fundamental principles and the framework that has kept us together.

Enhanced cooperation between democracies to further strengthen the crucial work of the Council of Europe in advancing its core principles - human rights, democracy, and the rule of law – is needed to combat the growing challenges to many of the basic rights we may have thought to be secured.



The Council's core principles are interdependent and mutually reinforcing. In a time of democratic backsliding and rising authoritarianism, democracy cannot be considered in isolation from the rule of law and human rights. Democracy needs transparent and accountable institutions, and the legitimacy of those institutions depends on compliance with the rule of law and respect for human rights.

We are at a critical juncture. As Member States we have a choice, and for Iceland, that choice is clear. We must unite around the Council's core principles and the 4th Summit of the Council of Europe will be an opportunity for our leaders to reaffirm their common commitment to the values that have proven to be such a blessing for the people of the world.

We must put human rights, democracy and the rule of law front and center and throughout our presidency, Iceland will strive to do just that. As an example, the handover of the presidency from Ireland to Iceland is held in connection with the World Forum for Democracy – a unique platform for political decision-makers and activists to debate solutions to key challenges facing democracies worldwide.

ENVIRONMENT

The negative effects of environmental degradation and climate change on the enjoyment of human rights across the globe is increasing. Many questions about the relationship between human rights and the environment remain unanswered and require further examination.

All through Iceland's presidency there will be a green theme to promote the inter-relationship between human rights and the environment. This will be done by, for example, looking at the right to a clean, healthy and sustainable environment, that some states have incorporated in their legislation, but also by promoting the need for green public administration and green solutions.

As children and youth are the most impacted by today's global environmental crisis and are the most threatened by our current trajectory, Iceland will also support a consultative meeting on young people and climate change.

EQUALITY

The principle of equality is at the very heart of human rights and a core principle embedded in Iceland's foreign policy.

Iceland is steadfast in its commitment to gender equality and the protection of the hard-earned progress concerning the human rights of women and girls around the world. While important gains in the fight against gender-based violence have been made over decades of activism, it is clear that new forms of violence have emerged. During our presidency, Iceland will focus specifically on action against digital violence and the role of men and boys in gender equality policies.

Iceland is also strongly committed to promoting and protecting the rights of LGBTI individuals and to create a safe, inclusive, and enabling environment for the promotion of human rights and equality for all. During our presidency, Iceland will proudly host the 10th IDAHOT+ Forum in Reykjavik and organize events in Strasbourg related to the advancement of LGBTI rights and preventing and combating violence and discrimination against LBQ women.



CHILDREN AND YOUTH

Every child has the right to grow to adulthood in health, peace and dignity and it is imperative for all Member States to ensure the rights of children.

During our presidency, Iceland will promote placing the child at the center of policy making through integrating services and protection systems for children. The Barnahús (Children's house) is an early model of this approach, a child-friendly, interdisciplinary, and multiagency center where different professionals work under one roof on investigations of suspected child abuse cases and provide appropriate support for child victims. Parts of Iceland's cultural programme during our presidency will also be geared towards children.

Young people should be respected as active democratic citizens and be included in all decision-making processes, not only in decisions concerning them. During our presidency, Iceland will support the follow-up to the Council of Europe's popular Democracy Here | Democracy Now youth campaign for revitalizing democracy and strengthening mutual trust between young people and democratic institutions and processes. Iceland will also organize consultative meetings on young people and climate change as well as on migrant and refugee children transitioning to adulthood.

Furthermore, Iceland will ensure that the voice of young people is heard in the lead-up to and during the 4th Summit of the Council of Europe.





Policy Programme

- 2022 ● 7-9 November, Strasbourg** ● World Forum for Democracy, handover of the Presidency of the Committee of Ministers of the Council of Europe from Ireland to Iceland and keynote address by the Prime Minister of Iceland.
- 9 November, Strasbourg** ● Beginning of Iceland's Presidency of the Committee of Ministers of the Council of Europe, inauguration of the Icelandic presidency tram and opening ceremony at Strasbourg City Hall with reception.
- 16 November, Strasbourg** ● Special focus at the 1448th meeting of the Ministers' Deputies on Barnahus (Children's House) with the participation of the Icelandic Minister of Education and Children to mark the European Day on Protection of Children against Sexual Exploitation and Sexual Abuse.
- 16 November, Strasbourg** ● High-level event "Towards Barnahus in All European States: Ensuring the Rights of Every Child" organised jointly with the Council of Europe's Children's Rights Division.



- 2022** ●
- 24 November, Reykjavik** ● Symposium on “Human rights protection in challenging times: The role of the Council of Europe” with the participation of Council of Europe’s Secretary General Marija Pejčinović Burić and the Prime Minister of Iceland organised jointly with the Institute of International Affairs of the University of Iceland.
 - 24-25 November, Reykjavik** ● Meeting of the Bureau and Standing Committee of the Parliamentary Assembly of the Council of Europe (PACE) with the participation of the Prime Minister and Minister for Foreign Affairs of Iceland. A special event will be organised on the side-lines to discuss action against digital violence against women.
 - 25 November, Strasbourg** ● Launch of social media campaign to mark the 16 Days of Activism against Gender-Based Violence together with the Council of Europe and Permanent Representations to the Council of Europe.
 - TBC November, New York** ● Adoption of the General Assembly resolution on the cooperation between the Council of Europe and the United Nations.
 - 6 December, Strasbourg** ● Conference on “Joining forces: applying the cybercrime frame to digital violence against women” with the participation of the President of Iceland organised jointly with the Council of Europe’s Violence against Women Division and Cybercrime Division.
 - 9 December, Reykjavik** ● Symposium on “The situation in Ukraine in light of Russia’s aggression and the role of the Council of Europe” with the participation of the Icelandic Minister for Foreign Affairs and Ambassador Borys Tarasyuk, Permanent Representative of Ukraine to the Council of Europe and former Minister for Foreign Affairs of Ukraine, organised jointly with the Institute of International Affairs of the University of Iceland.
- 2023** ●
- 23-27 January, Strasbourg** ● Session of the Parliamentary Assembly of the Council of Europe (PACE) with address by the Prime Minister of Iceland.



2023 ●

FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópuráðinu

- 24 January, Strasbourg** ● International conference on “Advancing the Human Rights of Intersex People” with the participation of the Prime Minister of Iceland organised jointly with the Council of Europe’s SOGI unit and the Parliamentary Assembly’s Parliamentary Platform for the rights of LGBTI people in Europe.
- 30-31 January, Strasbourg** ● Conference on the occasion of the 20th Anniversary of the First Additional Protocol to the Budapest Convention organised jointly with the Council of Europe’s Octopus Project.
- TBC January, Vienna** ● The Icelandic Minister for Foreign Affairs presents the priorities of the Icelandic Presidency of the Council of Europe’s Committee of Ministers to the Organization for Security and Co-operation in Europe (OSCE).
- 31 January – 2 February, Strasbourg** ● Conference on the follow-up to the Democracy Here | Democracy Now campaign organised jointly with the Council of Europe’s Youth Department.
- 9 February, Strasbourg** ● Annual exchange of views with the United Nations with a proposed focus on “Accountability for human rights violations as a result of the Russian Federation aggression against Ukraine: role of the international community” organised jointly with the Chair of the Rapporteur Group on Human Rights (GR-H).
- 22-23 February, Strasbourg** ● Consultative meeting on young people and climate change with the participation of the Icelandic Minister for Foreign Affairs organised jointly with the Council of Europe’s Youth Department.
- 24 February, Strasbourg** ● The Icelandic Minister for Foreign Affairs addresses the *ad hoc* working party on the preparation of a 4th Summit of Heads of State and Government of the Council of Europe (GT-SOM4).
- 27-28 February, Strasbourg** ● Launch of the guidelines “Turning 18 with confidence: supporting migrant and refugee children transitioning to adulthood” with the participation of the Icelandic Minister of Education and Children organised jointly with the Council of Europe’s Special Representative on migration and refugees and the Youth Department.

2023 ●

2-3 March, The Hague

Meeting of the Bureau and Standing Committee of the Parliamentary Assembly of the Council of Europe (PACE) with the participation of the Icelandic Permanent Secretary of State.

6-8 March, New York

Side event during the sixty-seventh session of the Commission on the Status of Women (CSW) on “Nordic solutions to online gender-based violence” organised jointly with the other Nordic countries. Iceland will also organize a side event together with the Council of Europe’s Division for Gender Equality.

8 March, Strasbourg

Launch of a digital calendar on International Women’s Day organised jointly with the Council of Europe’s Division for Gender Equality. The Prime Minister of Iceland will deliver a special message on social media to highlight the Icelandic entry in the calendar and invite other Council of Europe Members States to do the same.

21-23 March, Strasbourg

44th session of the Congress of Local and Regional Authorities with an address by the Minister of Infrastructure of Iceland. An event will be organised to highlight the contribution of the regional authorities to the priorities of the Icelandic Presidency.

28 March, Reykjavik

Conference on an “Integrated child protection system to combat violence against children and providing children with access to services” with the participation of the Icelandic Minister of Education and Children organised jointly with the Council of Europe’s Division for Children’s Rights.

29-30 March, Reykjavik

Meeting of the Council of Europe’s Steering Committee for the Rights of the Child (CDENF) organised jointly with the Council of Europe’s Division for Children’s Rights.

TBC March

Strasbourg: Seminar on “Executing the judgments of the European Court of Human Rights: institutional dialogue between the European Court and the Committee of Ministers and other means under Article 46 of the European Convention” organized jointly with the Council of Europe’s Department for the Execution of Judgments and the European Court of Human Rights.



FORMENNSKA ÍSLANDS
í Evrópuráðinu



2023 ●

FORMENNSKA ÍSLANDS í Evrópu ráðinu

- 5 April, Strasbourg** ● Special focus at the 1462nd meeting of the Ministers' Deputies on the abolition of the death penalty organised jointly with the Permanent Representation of France to the Council of Europe.
- 24-28 April, Strasbourg** ● Session of the Parliamentary Assembly of the Council of Europe (PACE) with address by the Icelandic Minister for Foreign Affairs.
- 24-28 April, Strasbourg** ● Events related to preventing and combating violence and discrimination against LBQ women in Europe with the participation of the Icelandic Minister for Foreign Affairs organised jointly with the Council of Europe's SOGI unit and the Parliamentary Assembly's Parliamentary Platform for the rights of LGBTI people in Europe.
- 26 April, Strasbourg** ● Conference on "The Need for Green Public Administration in the Context of Good Democratic Governance: Exchange of best European practice" with the participation of the Icelandic Minister for Foreign Affairs organised in connection with the meeting of the Council of Europe's European Committee on Democracy and Governance (CDDG).
- 27-28 April, Strasbourg** ● Annual conference of the Council of Europe's Gender Equality Commission (GEC) with a focus on the role of men and boys in gender equality policies and in policies to combat violence against women with the participation of the Icelandic Minister for Foreign Affairs. The Icelandic Barbershop concept will be introduced in relation to the conference.
- TBC April, Strasbourg** ● Conference on the "Subsidiarity Principle: National implementation of the European Convention on Human Rights" organised jointly with the Council of Europe's Department for the Implementation of Human Rights, Justice and Legal Co-operation Standards.
- 2 May, Strasbourg** ● Conference on "The right to a clean, healthy and sustainable environment in practice" with the participation of the Icelandic Minister of the Environment, Energy and Climate organised in connection with the meeting of the Council of Europe's Drafting Group on Human Rights and Environment (CDDH-ENV).



2023 ●

- 3 May, Strasbourg** ● Special focus at the 1465th meeting of the Ministers' Deputies on Media Freedom to mark World Press Freedom Day with the participation of the Icelandic Minister of the Environment, Energy and Climate.
- 5 May, Kristiansand** ● European Conference on Democracy and Human Rights organised by the Council of Europe, the University of Agder, Kilden Performing Arts Centre, Sørlandets Kunstmuseum (SKMU), Arkivet Peace and Human Rights Centre, Cultiva Foundation, and Agder County Council.
- TBC May, Strasbourg** ● International Launch of the HELP course on "The Environment and Human Rights" (2nd edition) organised jointly with the Council of Europe's Department for the Implementation of Human Rights, Justice and Legal Co-operation Standards.
- 11-12 May, Reykjavik** ● 2023 IDAHOT+ Forum organised jointly with the Council of Europe's SOGI unit and the European Governmental LGBTI Focal Points Network (EFPN).
- 16-17 May, Reykjavik** ● 4th Summit of Heads of State and Government of the Council of Europe.
- 17 May, Reykjavik** ● Handover of the presidency of the Committee of Ministers of the Council of Europe to Latvia.

2024 ●

- Summer 2024, Reykjavik** ● As a follow-up to the environmental focus of the Icelandic presidency, the Annual Joint Meeting of the Governing Board and the Administrative Council of the Council of Europe Development Bank will be held in Iceland with a proposed special focus on the environment.



Cultural Programme

- **9 November, Église Saint-Guillaume, Strasbourg** ● Concert with Icelandic ensemble Umbra.
- 5 December, Star Saint-Exupéry Strasbourg** ● Avant-première of the Icelandic film Godland followed by a meeting with the director, Hlynur Pálmason.
- 8 December, Librairie Kléber, Strasbourg** ● Icelandic Christmas book flood.
- 8 December, Council of Europe, Strasbourg** ● Charity market in solidarity with Ukraine organised jointly with the Ukrainian Section of the Amicale.
- 8 December, La Laiterie Strasbourg** ● Concert with Icelandic metal band Skálmöld.
- **24-29 January, Strasbourg** ● Icelandic restaurant week in five restaurants in the city.
- 24 February, Opéra National du Rhin, Strasbourg** ● Opera night - The Human Voice by Francis Poulenc/Anna Þorvaldsdóttir.
- 29 March, Strasbourg Cathedral** ● Johannespassion à trois, concert with Icelandic tenor Benedikt Kristjánsson, Italian musician Philipp Lamprecht and German harpsichordist Elina Albach.

2023 ●

26-27 April, Médiathèque
André Malraux, Strasbourg



Childrens' performance show, *Manndýr*,
with Icelandic/French artist Aude Busson.

6 May, Strasbourg



Iceland day with a taste of Iceland for the
whole family.



FORMENNSKA ÍSLANDS Í Evrópuáðinu

FYLGISKJAL 3

YFIRLITSSKJAL UM AÐGERÐIR TIL AÐ FRAMFYLGJA
FORMENNSKUÁHERSLUM ÍSLANDS Í EVRÓPURÁÐINU



Júní 2024

Aðgerðir til að framfylgja skuldbindingum sem Ísland gerði í tengslum við formennsku í Evrópuráðinu

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Aðgerðir til að framfylgja skuldbindingum sem Ísland gerði í tengslum við formennsku í Evrópuráðinu

Í aðdraganda formennsku Íslands í Evrópuráðinu var gefin út formennskuáætlun þar sem gerð var grein fyrir áherslum og aðgerðum Íslands meðan á formennskunni stæði. Miðað var að því að viðburðir, yfirlýsingar og fundir sem Ísland blés til á formennskutímanum myndu tengjast áherslum formennskunnar og þar með stuðla að markmiðum íslenskra stjórnvalda meðan á formennskunni stóð. Þetta skjal hefur að geyma yfirlit yfir áherslur formennsku Íslands í Evrópuráðinu og aðgerðir sem gerðar voru til að hrinda þeim í framkvæmd.

Helsta markmið formennsku Íslands var að efla samstöðu um grunngildi Evrópuráðsins, mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Aðrar áherslur viku einkum að réttindum barna, jafnrétti og umhverfismálum og mannréttindum.

Markmiðið með því að leggja áherslur formennskunnar skýrt fram í upphafi með formennskuáætlun var meðal annars gert til að geta metið að formennskunni lokinni hvort markmiðum hafi verið náð. Yfirlit yfir nánari dagsetningar viðburða sem fjallað er um hér eftir má finna í formennskuáætlun Íslands, í fylgiskjali 1 við þessa skýrslu.



Formennska Íslands í Evrópuráðinu miðar að því að efla samstöðu um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið

Helsta markmið íslenskra stjórnvalda með formennsku Íslands í Evrópuráðinu var að efla samstöðu um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Þá var lagt upp með að aðgerðir Íslands á formennskutímabilinu myndu leggja sitt af mörkum til að styrkja Evrópuráðið sem stofnun til að takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar. Þar að auki var talið mikilvægt að Ísland stuðlaði að því að opna Evrópuráðið enn frekar fyrir almenningi, efla samstarf Evrópuráðsins við aðrar alþjóðastofnanir og stofnanir þess, auka gagnsæi og sýnileika stofnunarinnar og stuðla að uppbyggilegri og upplýstari umræðu um starfsemi ráðsins.

Markmið formennsku Íslands í Evrópuráðinu endurspegluðust öll með afar skýrum hætti í Reykjavíkuryfirlýsingunni sem samþykkt var á leiðtogafundi Evrópuráðsins í maí 2023 og fylgiskjölum yfirlýsingarinnar sem fjölluðu meðal annars um málefni Úkraínu, eftirfylgni dóma Mannréttindadómstóls Evrópu og lýðræðisreglur (Reykjavík Principles for Democracy).

UNDIRMARKMIÐ

AÐGERÐIR OG VIÐBURÐIR TIL AÐ NÁ MARKMIÐUM

1. Efla samstöðu um grunngildi Evrópuráðsins – mannréttindi, lýðræði og réttarríkið

- a. Ísland tók við formennsku í Evrópuráðinu í tengslum við lýðræðisráðstefnu Evrópuráðsins (World Forum for Democracy) til að undirstrika formennskuáherslu Íslands á mikilvægi lýðræðis. Þetta var í fyrsta sinn sem formennskukefli Evrópuráðsins var afhent í tengslum við ráðstefnuna. Vettvanginn sækja árlega á annað þúsund fulltrúar frá flestum heimsálfum og er á fundinum fjallað um lausnir til þess að vinna gegn helstu ógnum sem steðja að lýðræði og grundvallarmannréttindum í nútímasamfélögum.
- b. Unnið var að stofnsetningu tjonaskrár fyrir Úkraínu á formennskutímanum sem leiðtogar samþykktu að lokum á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Reykjavík. Hér er um að ræða fyrsta skrefið í átt að ábyrgðarskyldu vegna stríðsaðgerða Rússlands í Úkraínu. Tjonaskráin hefur nú þegar tekið til starfa og tekið við yfir þrjú þúsund skráningum.
- c. Á leiðtogafundinum í Reykjavík voru samþykktar lýðræðisreglur (Reykjavík Principles for



Democracy) í fyrsta sinni í sögu ráðsins. Reglurnar leggja meðal annars áherslu á sameiginlega ábyrgð yfirvalda að efla lýðræði og góða stjórnarhætti. Þá er einnig áréttað mikilvægi þess að ríkisstjórnir, dómstólar og þjóðþing aðildarríkja Evrópuráðsins innleiði Mannréttindasáttmála Evrópu og fari eftir dómum Mannréttindadómstólsins.

- d. Þrjár ráðstefnur voru haldnar sem sneru að framlagi Evrópuráðsins, og þá sérstaklega Mannréttindadómstóls Evrópu, til réttarríkisins í Evrópu.
- e. Blásið var til hátíðarathafnar hjá Mannréttindadómstóli Evrópu, með þátttöku forsætisráðherra, í tilefni útgáfu ritsins Liber Amicorum til heiðurs Róbert Spanó, fráfaraandi forseta Mannréttindadómstólsins.
- f. Alþjóðleg ráðstefna var haldin í Strassborg um styrkingu refsiréttarkerfa til að takast á við kynþáttahatur á netinu í tengslum við 20 ára afmæli viðbótarbókunar við Búdapest-samning Evrópuráðsins um tölvubrot og aðra glæpi sem framdir eru á netinu.
- g. Utanríkisráðherra, forsætisráðherra og forseti Íslands og aðrir fulltrúar íslenskra stjórnvalda lögðu áherslu á grunnildi Evrópuráðsins í ávörpum sínum á formennskutímabili Íslands.
- h. Ísland setti ýmis málefni á dagskrá ráðherranefndar Evrópuráðsins sem tengjast grunnstoðum Evrópuráðsins, þar á meðal:
 - Samstarf við Sameinuðu þjóðirnar með áherslu á stuðning við Úkraínu.
 - Samstarf við Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, m.a. með áherslu á stuðning við Úkraínu.
 - Afnáam dauðarefsinga.
 - Þátttöku og stöðu ungs fólks.
 - Fjölmíðlafrelsi.
- i. Evrópsk ráðstefna um lýðræði og mannréttindi (European Conference on Democracy and Human Rights) var haldin í fjórða sinn í samstarfi við Evrópuráðið. Þema ráðstefnunnar var staða lýðræðis í Evrópu.

2. Stuðla að auknu gagnsæi og sýnileika í störfum Evrópuráðsins, upplýstari og uppbyggilegri umræðu um starfsemi ráðsins, og samráði íslenskra stjórnvalda um formennskuna

- a. Reglubundið samráð var haft við utanríkismálanefnd Alþingis í aðdraganda formennsku Íslands og meðan á formennsku stóð og við önnur ráðuneyti, m.a. í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi og beint við fagráðuneyti sem tóku þátt í dagskrá formennskunnar. Þá voru haldnir fundir með tengiliðum Stjórnarráðsins sem sitja fundi á vettvangi Evrópuráðsins en þeir eru um 50 talsins.
- b. Virk upplýsingamiðlun átti sér stað í gegnum allt formennskutímabilið, t.d. með greinaskrifum utanríkisráðherra, forsætisráðherra o.fl. í blöð og með sýnileika á samfélagsmiðlum og viðtölum í fjölmiðlum um málefni formennsku Íslands í Evrópuráðinu og leiðtogafundinn.
- c. Ráðherrafundi Evrópuráðsins var streymt í fyrsta sinn opinberlega á fundi tileinkuðum Úkraínu sem utanríkisráðherra Íslands stýrði í febrúar 2023.
- d. Leiðtogafundi Evrópuráðsins var einnig streymt að hluta til að ýta undir sýnileika Evrópuráðsins. Enginn einn viðburður í sögu Evrópuráðsins hefur hlotið jafn mikla umfjöllun í fjölmiðlum.
- e. Efnt var til umræðu um starfsemi ráðsins og formennskuna á viðburðum hér heima. Tvær málstofur voru haldnar á Íslandi í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands:
 - a. Mannréttindavernd á tímum áskorana og hlutverk Evrópuráðsins til framtíðar með þátttöku Mariju Pejčinović Burić, aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
 - b. Staðan í Úkraínu og hlutverk Evrópuráðsins með þátttöku Borys Tarasyuk, fastafulltrúa Úkraínu gagnvart Evrópuráðinu og fyrrverandi utanríkisráðherra Úkraínu.





3. Styrkja samstarf Evrópuráðsins við aðrar alþjóðastofnanir

- a. Ísland, í samstarfi við Írland, leiddi ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um samstarf Sameinuðu þjóðanna við Evrópuráðið. Við afgreiðslu ályktunarinnar var mikilvægi samstarfs Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins fyrir mannréttindi, lýðræði og réttarríkið og stuðningur við Úkraínu áréttaður.
- b. Utanríkisráðherra ávarpaði fund fastaráðs Öryggis- og samvinnustofnunarinnar (ÖSE) í Vín í janúar 2023. Þar var fjallað um formennskuna, sameiginleg verkefni Evrópuráðsins og ÖSE og lögð áhersla á mikilvægi samvinnu til að tryggja grundvallarmannréttindi og lýðræði í Evrópu.
- c. Utanríkisráðherra ávarpaði fund utanríkisráðherra Evrópusambandsins í Lúxemborg í apríl 2023. Ráðherra gerði þar grein fyrir formennsku Íslands í Evrópuráðinu og undirbúningi leiðtogafundarins í Reykjavík auk þess að leggja áherslu á samstöðu ríkjanna um mannréttindi og lýðræði.

4. Vinna að auknum stuðningi við Úkraínu

- a. Á formennskutímabili Íslands var unnið að stofnun tjónaskrár fyrir Úkraínu (Register for Ukraine). Tjónaskráin hefur nú þegar tekið til starfa og tekið við yfir 3.000 skráningum. Í framhaldinu leggur Evrópuráðið sitt af mörkum við að undirbúa og kanna grundvöll stofnunar sérstaks dómstóls (Special tribunal).
- b. Að frumkvæði formennsku Íslands í Evrópuráðinu var efnt til sérstakrar dagskrár á vettvangi Evrópuráðsins þann 24. febrúar 2023, þegar ár var liðið frá því að innrás Rússlands í Úkraínu hófst.
- c. Sérstakur samráðsfundur Evrópuráðsins og Sameinuðu þjóðanna var haldinn með sérstakri áherslu á mikilvægi ábyrgðarskyldu vegna mannréttindabrota sem framin hafa verið vegna innrásar Rússlands í Úkraínu í febrúar 2023.
- d. Samstaða með Úkraínu var sérstakt áherslumál í ávörpum forsætisráðherra, utanríkisráðherra og forseta Íslands á formennskutímabili Íslands.



**5. Efla samstarf
ráðherranefndar
Evrópuráðsins við aðrar
stofnanir Evrópuráðsins,
þar á meðal
Evrópuráðsþingið**

- a. Fundur stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins fundaði í Reykjavík í nóvember 2022 og kom saman í Reykjavík í aðdraganda leiðtogafundarins. Gestgjafi fundanna var Alþingi og tóku bæði forsætisráðherra og utanríkisráðherra þátt.
- b. Sérstakir sameiginlegir fundir ráðherranefndarinnar og Evrópuráðsþingsins (e. Joint Committee) voru endurvaktir undir formennsku Íslands og haldnir á þingfundalotum þingsins í janúar og apríl 2023. Hefur samstarf milli ráðherranefndarinnar og þingsins aukist í kjölfarið.
- c. Ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins tók þátt í fundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins sem fór fram í Haag í mars 2023.
- d. Evrópuráðsþingið skipulagði sérstakan viðburð í aðdraganda leiðtogafundarins á Íslandi í samvinnu við Alþingi þar sem alþjóðleg jafnréttisverðlaun í nafni Vigdísar Finnbogadóttur voru kynnt til sögunnar.
- e. Héraðs- og sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins (Congress) skipulagði sérstakan viðburð í aðdraganda leiðtogafundarins á Íslandi í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Þá hefur samstarf á milli skrifstofu ráðherranefndar Evrópuráðsins og Héraðs- og sveitarstjórnarþingsins eflst eftir samþykkt lýðræðareglna Reykjavíkur (Reykjavik Principles for Democracy).

Jafnrétti

Á formennskutímabilinu lagði Ísland áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um þá sigrar sem náðst hafa í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og fyrir auknum aðgerðum til að sporna við kynbundnu ofbeldi. Einnig var mikilvægi þess að karlar og drengir tækju þátt í jafnréttisbaráttunni gert hátt undir höfði. Þá lagði Ísland jafnframt mikla áherslu á réttindi hinsegin fólks og voru nokkrir viðburðir tileinkaðir framgangi þeirra.





6. Kynna aðgerðir til að styðja jafnrétti og réttindi hinsegin fólks

- a. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í mars 2022 stóð utanríkisráðuneytið, í samstarfi við forsætisráðuneytið, fyrir málstofu um samningsskuldbindingar Íslands vegna Istanbúl-samningsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Sérstök áhersla var lögð á stafrænt kynferðisofbeldi og þátttöku karla og drengja í forvarnarstarfi í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.
- b. Á alþjóðlegum degi gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember 2023 hófu Ísland og Holland, ásamt líkt þenkjandi samstarfsríkjum, 16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum með vitundarvakningu á samfélagsmiðlum. Þar fjölluðu 16 aðildarríki Evrópuráðsins með mismunandi hætti um aðgerðir til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi.
- c. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna í mars 2023 var nýju stafrænu dagatali Evrópuráðsins ýtt úr vör með sérstakri kynningu. Í dagatalinu var saga þeirra sem leiddu jafnréttisbaráttuna í Evrópu í forgrunni.
- d. Í aðdraganda leiðtogafundar Evrópuráðsins í Reykjavík var sérstökum nýjum alþjóðlegum jafnréttisverðlaunum í nafni Vigdísar Finnbogadóttur (Vigdís Prize for Women's Empowerment) komið á fót. Evrópuráðsþingið og ríkisstjórn Íslands standa að verðlaununum sem ætlað er að vekja athygli á einstaklingum, stofnunum eða samtökum sem stuðlað hafa að valdeflingu kvenna með framúrskarandi hætti. Verðlaunin verða afhent í fyrsta sinn þann 24. júní 2024 í Strassborg en yfir 120 tilnefningar bárust frá flestum heimsálfum.

7. Stuðla að forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gegn konum

- a. Forsætisráðherra ávarpaði viðburð um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi sem haldinn var í tengslum við fund stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins í Reykjavík og alþjóðlegan dag gegn kynbundnu ofbeldi. Nýleg löggjöf Íslands um kynrænt sjálfræði var grundvöllur umræðunnar, en Ísland varð þriðja landið í Evrópu til þess að innleiða slíka löggjöf.
- b. Samhliða því efndi Ísland, í krafti formennskuhlutverka sinna í Evrópuráðinu og Norrænu ráðherranefndinni, til viðburðar á



	<p>kvennafundi Sameinuðu þjóðanna í New York. Norrænar lausnir gegn kynbundnu ofbeldi á netinu og réttindi kvenna og stúlkna sem eru innflytjendur, flóttamenn eða hælisleitendur voru helstu umræðuefni fundanna.</p> <p>c. Samhliða fundi aðildarríkja Ístanbúl-samningsins var haldinn viðburður um baráttuna gegn stafrænu kynbundnu ofbeldi sem hluti af 16 daga átaki gegn ofbeldi gegn konum.</p>
<p>8. Hvetja til þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi</p>	<p>a. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna var haldinn hátíðlegur í Strassborg 8. mars 2023 og af því tilefni birtu utanríkisráðherra Íslands, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og forseti Evrópuráðsþingsins sameiginlega yfirlýsingu þar sem hlutverk karla og drengja í jafnréttisbaráttunni var í forgrunni.</p> <p>b. Ráðstefna jafnréttisnefndar Evrópuráðsins (Gender Equality Commission) var haldin í Strassborg með jafnréttisfulltrúum aðildarríkja Evrópuráðsins þar sem sérstaklega var fjallað um stöðu karla og drengja í jafnréttismálum.</p> <p>c. Íslenska formennskan efndi til rakarastofuviðburðar (Barber-Shop) og vinnustofu í febrúar 2023 í Strassborg með þátttöku fulltrúa ráðherranefndarinnar og jafnréttisnefndar Evrópuráðsins þar sem meðal annars var fjallað um leiðir til þess að auka áhuga og aðkomu karla og drengja enn frekar í baráttunni fyrir auknu kynjajafnrétti í heiminum.</p> <p>d. Forseti Íslands ávarpaði árlegan fund jafnréttisnefndar Evrópuráðsins í apríl 2023 í Strassborg. Á fundinum var lögð sérstök áhersla á hlutverk karla og drengja í baráttunni fyrir kynjajafnrétti og hlutverk þeirra við að sporna við kynbundnu ofbeldi. Í tengslum við ráðstefnuna var jafnframt blásið til rakarastofuviðburðar í Strassborg.</p> <p>e. Ísland kostaði með hluta af formennskuframlagi tímabundna stöðu íslensks sérfræðings frá Jafnréttisstofu hjá jafnréttisdeild Evrópuráðsins. Sérfræðingurinn vann meðal annars að gerð nýrra leiðbeininga Evrópuráðsins um þátttöku</p>



9. Tala fyrir auknum réttindum hinsegin fólks

- a. Ísland tók upp málefni LGBTI-einstaklinga þegar því var komið við, með ræðum og innsögum, með áherslu á að halda málefnum LGBTI-einstaklinga á lofti í starfi Evrópuráðsins.
- b. Forsætisráðherra opnaði viðburð Evrópuráðsins um framsækna löggjöf um réttindi hinsegin fólks í Evrópu í janúar 2023. Ný löggjöf Íslands um kynrænt sjálfræði var grundvöllur umræðunnar en Ísland varð þriðja landið í Evrópu til þess að innleiða slíka löggjöf.
- c. Í tengslum við þingfund Evrópuráðsþingsins í apríl 2023 var haldinn hliðarviðburður tileinkaður réttindum hinsegin kvenna (LBQ) í Evrópu í samstarfi við skrifstofu Evrópuráðsins um réttindi hinsegin fólks. Utanríkisráðherra setti fundinn.
- d. Í tengslum við formennsku Íslands í Evrópuráðinu var Ísland gestgjafi IDAHOT+ Forum 2023 en þar er um að ræða einn mikilvægasta vettvang hinsegin málefna í Evrópu þar sem fulltrúar stjórnvalda, aðgerðasinna og hagsmunasamtaka koma saman. Regnbogakort Evrópusamtaka hinsegin fólks (ILGA Europe) var kynnt á fundinum og einnig voru haldnar málstofur um ýmis málefni. Forsætisráðherra, utanríkisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra ávörpuðu fundinn.
- e. Í tilefni af alþjóðlegum degi gegn fordómum gagnvart hinsegin fólki (IDAHOT) þann 17. maí 2023 var gefin út sameiginleg yfirlýsing ráðherra að frumkvæði Íslands sem 27 ráðherrar aðildarríkja Evrópuráðsins tóku undir. Í yfirlýsingunni var lögð áhersla á mikilvægi samstöðu gegn mismunun og ofbeldi í garð hinsegin fólks og mikilvægi þess að evrópsk ríki standi saman til að byggja upp virðingu fyrir fjölbreytileika og mannréttindum allra, óháð kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.



Réttindi barna og ungmenna

Ísland lagði sérstaka áherslu á réttindi barna og ungmenna í formennsku sinni. Nokkrir viðburðir voru skipulagðir þar sem sérstök áhersla var lögð á að kynna íslenska módelið Barnahús. Þá kostaði Ísland með hluta af formennskuframlagi sínu nýja greiningu á Barnahús-módelinu innan aðildarríkja Evrópuráðsins og voru niðurstöðurnar kynntar með skýrslu og þátttöku íslenskra sérfræðinga á fundi í Strassborg.

10. Stydja aðgerðir til framgöngu réttinda barna og gegn ofbeldi gegn börnum

- Mennta- og barnamálaráðherra ávarpaði ráðherranefnd Evrópuráðsins og lagði áherslu á mikilvægi aðgerða til að innleiða barnasáttmála SP og auka réttindi barna.
- Fundur stýrinefndar Evrópuráðsins um réttindi barna (CDEF) var haldinn á Íslandi 28.-30. mars 2023. Helstu málefni fundarins voru hvernig efla megi tilkynningar um ofbeldi gegn börnum, stuðla að fjölgun Barnahúsa í aðildarríkjum Evrópuráðsins og hlúa að réttindum og velferð úkraínskra barna. Fundurinn í Reykjavík var fyrsti fundur nefndar um réttindi barna sem haldinn hefur verið utan höfuðstöðva Evrópuráðsins í Strassborg. Mennta- og barnamálaráðherra var gestgjafi ráðstefnunnar.
- Ísland skipulagði viðburð, ásamt sérstökum fulltrúa aðalframkvæmdastjóra, um flóttamenn og fólksflutninga, þar sem birtar voru nýjar leiðbeiningar um hvernig aðildarríki Evrópuráðsins geti best brugðist við þegar börn á flótta hafa náð 18 ára aldri.

11. Kynna íslenskar lausnir í þágu barnvæns réttarkerfis (Barnahús) og samþættingar þjónustu við börn

- Ráðstefnan „Barnahús um alla Evrópu“ var haldin 16. nóvember 2022 með þátttöku sérfræðinga um barnahús til að kynna íslensku lausnina um barnahús.
- Á fundi stýrinefndar Evrópuráðsins um réttindi barna var ný löggjöf Íslands um samþættingu í þágu barna kynnt, þ.m.t. mælaborð með yfirliti yfir stöðu barna og líðan (dashboard) með það að markmiði að fleiri ríki Evrópuráðsins sjái tækifæri í að taka upp svipaða nálgun með stuðningi Evrópuráðsins.



12. Stydja þátttöku barna og ungmenna í ákvarðanatöku

- a. Ráðstefna um eftirfylgni og næstu skref í átaki Evrópuráðsins um lýðræði (Democracy Here | Democracy Now) var skipulögð í samstarfi við skrifstofu Evrópuráðsins um málefni ungs fólks þar sem mikilvægi barna og ungmenna í ákvarðanatöku var meðal annars til umræðu.

Mannréttindi og umhverfismál

Í formennskutíð Íslands var lögð áhersla á tengsl umhverfis og mannréttinda, meðal annars með því að efna til samtals um réttinn til heilnæms umhverfis en jafnframt með því að tala fyrir mikilvægi grænnar opinberrar stjórnsýslu.

13. Hvetja til umræðu um mikilvægi samspils umhverfis og mannréttinda á vettvangi Evrópuráðsins

- a. Forsætisráðherra kynnti áherslur Íslands varðandi tengsl mannréttinda og umhverfismála í ávarpi sínu á Evrópuþinginu í Strassborg.
- b. Ísland stóð í samstarfi við Evrópuráðið fyrir ráðstefnu um réttinn til hreins, heilnæms og sjálfbærs umhverfis í maí á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg.

14. Auka samráð við ungt fólk um aðgerðir í baráttunni við loftslagsbreytingar

- a. Utanríkisráðherra ávarpaði ráðgefandi samráðshóp ungs fólks um ný tilmæli Evrópuráðsins um hlutverk ungmenna í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Viðburðurinn var skipulagður í samvinnu við ungmennadeild Evrópuráðsins.
- b. Innviðaráðherra og borgarstjóri Reykjavíkur lögðu áherslu á mikilvægi samráðs við ungt fólk í baráttunni við loftslagsbreytingar í ávörpum sínum á héraðs- og sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í mars 2023.

**15. Kynna íslenskar
grænar lausnir og græn
skref í ríkisrekstri**

- a. Ráðstefna um mikilvægi grænnar opinberrar stjórnsýslu og góða lýðræðislega stjórnarhætti var haldin í tengslum við fund nefndar Evrópuráðsins um lýðræði og stjórnarhætti í apríl 2023.
- b. Haldinn var viðburður á vegum Green by Iceland þar sem grænar lausnir í orkumálum voru meðal annars kynntar að viðstöddum fulltrúum Íslandsstofu og orkumálastjóra.
- c. Innviðaráðherra tók þátt í héraðs- og sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í mars 2023 og fjallaði um umhverfismál, þ.m.t. grænar lausnir og áherslur á vettvangi sveitarfélaga. Samhliða fundinum var haldinn viðburður um framkvæmd áhersluþátta Íslands í tengslum við grænar lausnir á sveitarstjórnarstigi.
- d. Eitt meginframlag íslensku formennskunnar á sviði umhverfismála og mannréttinda var sérstakur hluti Reykjavíkuryfirlýsingarinnar um umhverfismál og mannréttindi. Þar var m.a. kveðið á um sérstakt Reykjavíkurfæri (Reykjavik Process) þar sem hafin var endurskoðun vinnu Evrópuráðsins á þessu sviði.
- e. Sem hluti af formennsku Íslands í Evrópuráðinu var aðalfundur Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) haldinn á Íslandi í júní 2024. Í takt við formennskuáherslur Íslands á mannréttindi og umhverfismál var meginþema fundarins hlutverk bankans í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og að stuðla að sjálfbærri þróun. Þátttakendur fengu kynningu á vinnu íslenskra stjórnvalda á því sviði og um stöðu mála og viðbrögð við náttúruhamförum hér á landi.



FYLGISKJAL 4

MENNINGARDAGSKRÁ
FORMENNSKU ÍSLANDS



Menningardagskrá formennsku Íslands

9 NÓVEMBER 2022

UMBRA ENSEMBLE Í STRASSBORG

